

Málfregnir

vefrit » íslenskan.is

1. tölublað • 18. árgangur • nóvember 2020

Efni

- 2 *Frá Íslenskri málnefnd*
- 3 *Ályktun Íslenskrar málnefndar um stöðu íslenskrar tungu 2020*
- 6 *Viðurkenningar Íslenskrar málnefndar 2020*

Málrættarþing 26. september 2020

- 7 *Viðhorf ungra Íslendinga til íslensku á tímum stafræns málsambýlis við ensku.*
Sigríður Sigurjónsdóttir
- 15 *„Já, þá fær maður hærrí einkunn í íslensku, ef maður talar rétt.“*
Finnur Friðriksson
- 21 *Tungumál í ferðaþjónustu*
Anna Vilborg Einarsdóttir og Sigríður Sigurðardóttir
- 28 *Að ofreyna sig við að reyna að vanda sig: Athugun á almennri umræðu um málvöndun í Facebook-hópnum Málvöndunarhópurinn*
Kelsey Hopkins



Frá Íslenskri málnefnd



18. árgangur Málfregna er gefinn út í rafrænu formi eins og verið hefur undanfarin ár. Hann er einkum helgaður málræktarþingi ársins sem haldið var í Safnahúsinu á Hverfisgötu 26. september 2020. Þar voru flutt fjögur erindi sem birt eru í Málfregnum. Yfirskrift þingsins að þessu sinni var Viðhorf til íslenskrar tungu og fjallar ályktun Íslenskrar málnefndar um stöðu tungunnar árið 2020 einnig um það efni.

Ný málnefnd var skipuð í ársbyrjun 2020. Guðrún Kvaran lét af störfum formanns eftir farsælt starf. Ármann Jakobsson var skipaður formaður en Eva María Jónsdóttir varaformaður. Auk þeirra voru kjörin í stjórn málnefndar Steinunn Stefánsdóttir, Ásgrímur Angantýsson og Anna Sigríður Þráinsdóttir. Að vanda samdi stjórnin ályktun ársins í sameiningu. Hún hefur einnig unnið að endurskoðun íslenskrar málstefnu í ár og er endurskoðuð stefna væntanleg í ársbyrjun 2021.



Íslensk málnefnd

Ályktun um stöðu íslenskrar tungu 2020

Íslensk málnefnd er skipuð af menntamálaráðherra samkvæmt lögum nr. 61/2011 um stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákn máls. Í lögunum er kveðið á um að stjórnvöld skuli tryggja að unnt sé að nota íslensku á öllum sviðum íslensks þjóðlífs og enn fremur að ríki og sveitarfélög beri ábyrgð á að varðveita og efla íslenska tungu og skuli þau sjá til þess að hún sé notuð. Eitt af hlutverkum Íslenskrar málnefndar er að álykta árlega um stöðu tungunnar. Hér fer á eftir ályktun Íslenskrar málnefndar um stöðu íslenskrar tungu árið 2020.

Viðhorf til íslenskar tungu

Staða og horfur

Viðhorf málnotenda og stjórnvalda geta skipt sköpum um þróun og afdrif tungumála, ekki síst í nánu sambýli tveggja eða fleiri mála. Þegar rýnt er í umræðu um stöðu íslensku blasir við ákveðinn ímyndar- og viðhorfsvandi. Íslenskt mál virðist ekki jafn mikilvægur þáttur í sjálfsmynd Íslendinga og áður var, það er gjarnan tengt við fortíð sem einkenndist af einangrun og fátækt og bókmenntaarfurinn virðist skipta minna máli í heimi fjölbreyttrar afþreyingar á ensku þar sem bóklestur er á undanhaldi.

Gera má ráð fyrir að það hafi talsverð áhrif á viðhorf til íslensku að um árabíl hafa mikilvægar atvinnugreinar snúist um viðskipti og þjónustu við útlendinga sem veitt er á erlendum tungumálum en langmest ensku. Markmið íslenskrar málstefnu um að unnt sé að nota íslensku á öllum sviðum virðist því langsóttara en margir hugðu. Við nýjar aðstæður í samfélaginu á þessu ári kom berlega í ljós að ritmál í ferðaþjónustu er nánast eingöngu á ensku eða öðrum erlendum málum. Það kom sér illa þegar markaðssókn tók nýja stefnu og hætt var að beina markaðsefni að erlendum gestum vegna ferðatakmarkana af völdum farsóttar og því beint að þeim sem búa á Íslandi.

Í menntakerfinu hefur viðhorfið ekki verið íslensku sérlega hliðhollt á undanförunum árum og áratugum. Í grunnskólum er íslenska að vísu ofarlega á lista yfir námsgreinar sem nemendur telja mikilvægar en hún er frekar neðarlega á blaði þegar spurt er um vinsældir og skemmtigildi einstakra greina. Í framhaldsskólum hefur eiginleg umfjöllun um íslenskt mál dregist saman, tungumálabrautir eru að hverfa og með þeim kennsla um eðli og hegðun tungumála. Í háskólasamfélaginu ber æ minna á að rannsakendur miðli fræðum sínum á íslensku. Vitundarvakning menntamálaráðherra, *Áfram íslenska*, vekur vonir um að hægt verði að snúa viðhorfum til málsins í jákvæðari átt, verði henni fylgt vel eftir með þeim mannafla sem þarf til.

Afþreying á íslensku stendur höllum fæti í samkeppni við erlendar streymisveitur og tölvuleikjaframleiðendur. Sjaldgæft er að íslenskur texti fylgi þáttum og myndum á vinsælustu streymisveitunum. Aftur á móti hefur framleiðsla á afþreyingarefni á íslensku, t.d. sjónvarpsþáttum og kvikmyndum, aukist á undanförunum árum og íslenskir hlaðvarpsþættir og íslensk tónlist njóta vinsælda. Þar er staða íslensku allsterk og viðhorf til hennar jákvætt og ef byggt verður undir þetta eru horfurnar bjartar á þeim vettvangi.

Lög um stöðu íslenskrar tungu kveða á um að íslenska sé opinbert mál á Íslandi. Þó eru opinberar merkingar oft meira áberandi á ensku en íslensku. Má þar nefna merkingar í flugstöðvum og á lögreglubílum.

Svo virðist sem almenningsálitið sé yfirleitt á þá lund að íslensku máli hnigni hratt. Neikvæð umræða á þeim nótum beinist yfirleitt að yngstu kynslóðinni og útlendingum sem eru að læra íslensku. Gerðar eru athugasemdir við að unga fólk sé slegt af mikið, beygi vitlaust og hafi takmarkaðan orðaforða og að útlendingar hvorki skilji né tali íslensku. Umræða á þessum nótum er ekki til þess fallin að styrkja stöðu íslensku. Nær er að benda á hversu miklu má áorka með samstilltu átaki málnotenda og yfirvalda.

Mikilvægt er að hafa í huga að það er aðgengismál og jafnréttismál að íslenska sé jafnan notuð enda eru tók íslenskra málhafa á erlendum tungumálum afar mismunandi og stöðug enskunotkun getur leitt til þess að hluti samfélagsins sé útilokaður frá ákveðnum þáttum þess. Síðustu áratugi hefur það sjónarmið heyrst að útilokandi sé að nota íslensku en færa má rök fyrir því að það sé ekki síður útilokandi að nota hana ekki. Gott íslenskunám er einnig mikilvægt jafnréttismál, meðal annars til að koma í veg fyrir að gjá myndist milli kynslóða og þjóðfélagshópa.

Aðgerðir

Efla þarf jákvætt viðhorf til íslensku á öllum sviðum. Dæmin sanna að hægt er að snúa öfugþróun við og efla íslenska tungu.

Þær breytingar á ferðamennsku og fyrirtækjarekstri sem fylgdu farsóttinni fela í sér sóknarfæri fyrir íslenskt mál og tækifæri til viðhorfsbreytingar. Það þyrfti að nýta þegar vöxtur færir í ferðapjónustu á ný og hvetja fyrirtæki til að bjóða vörur sínar og þjónustu ávallt fram á íslensku til jafns við önnur tungumál. Enginn ætti að geta ferðast um Ísland án þess að komast að því að hér á landi er talað sérstakt tungumál en ekki aðeins enska. Leggja má áherslu á að málið snúist um sjálfsvirðingu. Engu hóteli dettur í hug að láta gest koma að óuppþúnu rúmi og jafn sjálfsagt á að vera að íslenska sé ávallt sýnileg, ásamt ensku ef þurfa þykir.

Í menntakerfinu þarf að fylgja áttakinu *Áfram íslenska* vel eftir og efla það viðhorf með nemendum, kennurum og stjórnendum að ekki sé síður mikilvægt í vísindum og listum að miðla á íslensku en öðrum málum. Náms efni og kynningarefni um málstefnu þarf að snúa í auknum mæli að almenningi og skólakerfinu. Full ástæða er til að styrkja viðleitni til að miðla umræðu um íslenskt mál og málstaðal til almennings og yngri kynslóða sérstaklega.

Halda þarf á lofti hlaðvarpsþáttum á íslensku og þeim streymisveitum, innlendum sem erlendum, sem bjóða efni á íslensku eða með íslenskum texta. Hér skipta þeir sem hafa áhrif á ungt fólk miklu máli og það þarf að hlúa að grasrótinni. Erlendar streymisveitur eiga ekki að komast upp með að láta íslensku lönd og leið. Þó að íslensk lög nái ekki yfir þær ætti almenningsálitið að geta gert það. Jafnframt er mikilvægt að fjármunum sé varið í að íslenska allt efni á vandaðan hátt. Þá þarf að styðja með ráðum og dád við framleiðslu á íslensku útvarps- og sjónvarpsefni fyrir innlendar og erlendar veitur og þar er þörf á samhæfðu átaki stjórnvalda og atvinnulífs.

Íslensk stjórnvöld verða að framfylgja lögum um íslenska tungu af ákveðni. Meðal annars þarf að tryggja að merkingar séu alltaf áberandi á íslensku alls staðar. Stjórnvöld verða að gegna forystuhlutverki og bregðast hratt og vel við ábendingum um að íslenska sé ekki notuð. Það hafa þau iðulega gert en stundum hefur þó gætt áhugaleysis á málefnum íslenskrar tungu. Mikilvægt er að skilningur á viðhorfsvandanum liggi til grundvallar í öllum auglýsingum og kynningum sem brýn þörf er að efna til núna í kjölfar þingsályktunartillögu nr. 36/149 frá 2019.

Þörf er á vitundarvakningu meðal almennings um að íslenska er síbreytileg og til í mörgum myndum. Gefa þarf börnum og ungmennum, ungu fólki og útlendingum tækifæri til að tjá sig á íslensku við öll tækifæri. Hvetja á fólk til að láta rödd sína heyrast án þess að strax gjósi upp dómhörð umræða um málnotkun.

Allir þurfa að leggjast á eitt, ríki og sveitarfélög, menntakerfið, aðilar vinnumarkaðarins og síðast en ekki síst almenningur, til að efla jákvætt viðhorf í garð íslensks máls. Framlag atvinnulífsins getur aukið aðgengi að íslensku verulega, t.d. varðandi íslenskumenntun aðfluttra Íslendinga. Því er mikilvægt að þessar samfélagsstofnanir móti stefnu um tungumálið og hafi aðila á sínum vegum sem sinni því málefni.

Íslensk málnefnd hefur margoft ályktað um mikilvægi þess að styrkja stöðu íslensku í almannarými. Finna þarf leiðir til að auka meðvitund þeirra sem nota tungumál opinberlega, hvetja þá til að vanda til verka og sýna ábyrgð. Snúa þarf viðhorfinu til íslensku á þann veg að það sé í senn aðgengis- og jafnréttismál að nota íslenska tungu, það sé réttur erlendra gesta að kynnst framandi tungumáli á nýjum stað, auk þess sem það sé réttur íslenskumælandi neytenda að fá upplýsingar um vörur og þjónustu á íslensku. Íslenskuátak íslenskra stjórnvalda þarf að höfða til ábyrgðarkenndar þeirra sem málið varðar



Viðurkenningar



Árlega veitir Íslensk málnefnd viðurkenningar fyrir eitthvað sem vel er gert á sviði málræktar eða líklegt er til að efla íslenska tungu. Á málræktarþingi, sem haldið var 26. september og bar yfirskriftina *Viðhorf til íslensku*, fengu eftirtaldir viðurkenningu:

Viaplay hlaut viðurkenningu Íslenskrar málnefndar fyrir frumkvæði í textun erlends efnis frá streymisveitu.

Útvarpsþátturinn *Nýjar raddir* hlaut viðurkenningu Íslenskrar málnefndar fyrir frumkvöðlastarf í að leyfa röddum innflytjenda sem tala íslensku að heyrast.

Á myndinni eru Hörður Magnússon fyrir *Viaplay* og Baldvin Þór Bergsson fyrir *Nýjar raddir* ásamt Ármanni Jakobssyni, formanni Íslenskrar málnefndar.



Sigríður Sigurjónsdóttir

Viðhorf ungra Íslendinga til íslensku á tímum stafræns málsambýlis við ensku

Í þessu erindi fjalla ég um viðhorf ungra Íslendinga til móðurmálsins á tímum aukinnar enskunotkunar í samfélaginu. Erindið byggir á gögnum úr öndvegisverkefninu *Greining á málfræðilegum afleiðingum stafræns málsambýlis* (www.molicodilaco.hi.is) sem hlaut þriggja ára öndvegisstyrk úr Rannsóknasjóði á árunum 2016–2019 en verkefnisstjórar þess vorum við Eiríkur Rögnvaldsson. Markmið öndvegisverkefnisins var að skoða þær afleiðingar sem aukið stafrænt málsambýli íslensku og ensku á undanförunum árum hefur haft á málumhverfi, málkunnáttu, málnotkun og viðhorf Íslendinga til íslensku og ensku og varpa þannig ljósi á stöðu og framtíð íslenskunnar.

Aukin enskunotkun í íslensku málsamfélagi er fylgífiskur samfélags- og tæknibreytinga undanfarinna ára, t.d. alþjóðavæðingar og snjalltækjabyltingar. Enska hefur rutt sér til rúms á ýmsum sviðum íslensks þjóðlífs (sjá t.d. Eiríkur Rögnvaldsson o.fl. 2012, Ara Pál Kristinsson 2017, Birnu Arnbjörnsdóttur 2018) og niðurstöður öndvegisverkefnisins sýna að enskt málareiti er meira og nær til yngri barna og fleiri sviða en fyrr (Eiríkur Rögnvaldsson 2016, Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson 2018, Sigríður Sigurjónsdóttir 2019). Niðurstöður MA-ritgerðar Ólafar

Bjarkar Sigurðardóttur (2020:102), sem hún vann innan verkefnisins, sýna t.d. að stafrænt ílag 3–12 ára barna hér á landi er aðallega á ensku. Þau horfa mest á enskt efni í frítíma sínum, t.d. á YouTube og Netflix, enda er framboð af íslensku efni, talsettu efni á íslensku og efni með íslenskum texta af skornum skammti á þessum veitum. Málumhverfi ungra Íslendinga er því annað en eldri kynslóða og hefur m.a. áhrif á viðhorf þeirra til íslensku.

Af hverju skipta viðhorf máli?

Rannsóknir hafa sýnt að náðið sambýli tungumála, eins og stafrænt sambýli íslensku og ensku í dag, hefur yfirleitt einhver áhrif á formgerð þeirra og notkunarvið (Thomason 2001). Þær hafa einnig leitt í ljós að í málsambýlisaðstæðum ráða viðhorf málhafa, sérstaklega ungra málhafa, til tungumálanna miklu um framtíð þeirra. Það tungumál sem nýtur meiri virðingar unga fólksins á oft bjartari framtíð fyrir sér innan málsamfélagsins (sjá t.d. Pearson 2007). Ef yngri málhavar skynja að móðurmálið er ekki nothæft á þeim sviðum sem höfða mest til þeirra, t.d. svið afþreyingar, tækni og alþjóðlegra samskipta, getur það haft áhrif á lífvænleika þess. Þetta er ein af þeim áskorunum

sem Íslendingar standa frammi fyrir í dag, þ.e. að tryggja jákvæð viðhorf ungra málnotenda til íslensku. Það er því afar mikilvægt að rannsaka viðhorf Íslendinga, og þá sérstaklega ungra Íslendinga, til íslensku.

Öndvegisverkefni Sigríðar Sigurjónsdóttur og Eiríks Rögnvaldssonar 2016–2019


Þetta var einmitt eitt af meginmarkmiðum öndvegisverkefnis okkar Eiríks og samstarfsmanna okkar. Eins og áður sagði voru meginmarkmið þess að rannsaka áhrif stafrænna miðla og snjalltækja á ílag eða málareiti, málkunnáttu, málnotkun og viðhorf Íslendinga til íslensku og ensku á tímum mikilla samfélags- og tæknibreytinga.

Við notuðum tvær aðalrannsóknaraðferðir til að kanna þessi atriði. Annars vegar sömdum við fimm mismunandi útgáfur af netkönnun eftir aldri þátttakenda og hins vegar tókum við viðtöl og lögðum ítarlegri próf fyrir sérvalið úrtak þátttakenda. Netkannanirnar sendi Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands í okkar nafni til 5.418 manna lagskipts handahófskennds úrtaks íslenskra ríkisborgara á aldrinum 3–98 ára úr Þjóðskrá. Sérstök áhersla var lögð á að ná til barna og unglunga og því voru 1.500 börn á aldrinum 3–12 ára í úrtakinu. Svarhlutfall í svokallaðri fullorðinskönnun, sem lögð var fyrir 13–98 ára þátttakendur, var 41% (n=1.615) en 50% í barnakönnununum fjórum (n=724), sem lagðar voru fyrir 3–12 ára börn.

Hin meginrannsóknaraðferðin var að við kölluðum til okkar 240 þátttakendur í viðtöl og ítarlegri prófanir, þar af voru 106 3–12 ára börn. Þátttakendur voru valdir úr hópi þeirra sem svöruðu netkönnununum eftir ílagsmælingum, þ.e. lítið, meðal og mikið stafrænt ílag daglega. Þeir þátttakendur sem voru tíu ára eða eldri komu tvisvar sinnum til okkar í viðtöl og prófanir sem stóðu í um einn og hálfan tíma í senn en 3–9 ára börnin komu þrisvar sinnum í um klukkutíma í senn. Á sama tíma og barn mætti í viðtal var einnig tekið sér viðtal við foreldri eða forráðamann þess þar sem m.a. var spurt um stafrænt ílag barnsins og málnotkun þess á íslensku, ensku og öðrum málum.

Niðurstöður öndvegisverkefnisins: Viðhorfshluti netkönnunar 13 ára og eldri

En snúum okkur nú að niðurstöðum úr viðhorfshlutum öndvegisverkefnisins og skoðum fyrst niðurstöður úr netkönnun 13 ára og eldri. Mynd 1 sýnir mat 13–98 ára þátttakenda í netkönnuninni á staðhæfingunni: *Það er mikilvægt að vera góð(ur) í íslensku.*



Mynd 1: Mat á á staðhæfingunni: *Það er mikilvægt að vera góð(ur) í íslensku.*

Á myndinni sést að þrátt fyrir að hátt hlutfall þátttakenda í öllum aldurshópum sé mjög sammála þessari fullyrðingu (gulu súlurnar), þá eru það mun færri í yngri aldurshópunum en þeim eldri. 53% 13–15 ára unglunga er mjög sammála fullyrðingunni en 88% þeirra sem eru 61 árs og eldri. Á myndinni sést einnig að eldri þátttakendur eru afdráttarlausari í svörum sínum.


Í netkönnuninni voru 13–98 ára þátttakendur m.a. beðnir um að meta alls fimm staðhæfingar um viðhorf sín til íslensku og var staðhæfingin á mynd 1 ein þeirra. Þessar viðhorfsstaðhæfingar má sjá í (1).

(1)

Það er mikilvægt að vera góð(ur) í íslensku.
Mér finnst ég vera góð(ur) í íslensku.
Það skiptir mig máli að ég tali góða íslensku.
Ég er oft í aðstæðum þar sem mikilvægt er að vera góð(ur) í íslensku.
Góð íslenskukunnátta er mikilvæg til að ná árangri í námi og starfi.

Á mynd 2 sést meðaltal jákvæðra svara við þessum staðhæfingum bæði fyrir íslensku og ensku, þ.e. svara þar sem þátttakendur segjast vera mjög sammála eða

frekar sammála, sbr. Berglindi Hrönn Einarsdóttur (2019:42–46). Athugið að y-ásinn byrjar í 50% og bláar súlur sýna niðurstöður fyrir íslensku en þær rauðu fyrir ensku.




Mynd 2: Mat á fimm viðhorfsstaðhæfingum fyrir íslensku og ensku.

Á mynd 2 sést svipaður munur milli svara aldursþópa og sást á mynd 1 þar sem hlutfall jákvæðra svara við spurningum um íslensku er lægst í yngsta aldursþópnum, 75%, en hækkar eftir því sem þátttakendur eldast og er komið í 90% í elsta aldursþópnum. Hins vegar sjáum við alveg gagnstæða kúrfu við sömu fullyrðingum um ensku þar sem yngri fólk er jákvæðara en eldri fólk.

Viðhorf 13–98 ára þátttakenda í netkönnuninni til íslensku mótast þó ekki aðeins af aldri þeirra heldur einnig af því hvort þeir sjá fyrir sér að búa á Íslandi í framtíðinni, þ.e. af því hversu heimakærir eða alþjóðlegir þeir eru. Lilja Björk Stefánsdóttir (2018) skrifaði MA-ritgerð innan verkefnisins þar sem hún færir rök fyrir því að ólíkir menningarhvatarnir, sem vísa til þess hvernig einstaklingar skilgreina sjálfsmynd sína í menningarlegu samhengi, hafi áhrif á viðhorf fólks til móðurmálsins, íslensku, og alþjóðamálsins, ensku. Hún notaði mat 13–98 ára þátttakenda í netkönnun okkar á staðhæfingunni: *Mig langar að búa á Íslandi í framtíðinni* til að skipta þeim í tvo hópa: Heimdraga: Þeir sem eru mjög sammála eða frekar sammála þessari staðhæfingu (n=1.171) og Heimborgara: Þeir sem eru mjög ósammála, frekar ósammála eða hvorki sammála né ósammála staðhæfingunni (n=402).

Niðurstöður Lilju Bjarkar (2018:50–52) sýna að það er munur á viðhorfum þessara tveggja hópa til viðhorfsspurninganna um íslensku og ensku. Meiri

munur er á svörum hópanna við spurningum um íslensku en ensku, eins og sést á mynd 3 þar sem dökkgrænu og ljósgrænu litirnir sýna hlutfall þátttakenda sem er mjög eða frekar sammála fullyrðingunum á myndinni. Þannig eru 97% heimdraga mjög eða frekar sammála því að *það skiptir þá máli að tala góða íslensku* en 81% heimborgara. Minni munur er á svörum hópanna við spurningunni um ensku þar sem 85% heimborgara eru mjög eða frekar sammála en 83% heimdraga.



Mynd 3: Mat heimdraga og heimborgara á staðhæfingum um íslensku og ensku (sbr. Lilju Björk Stefánsdóttur 2018:51).

Niðurstöður netkönnunar öndvegisverkefnisins benda því til að viðhorf unglunga og fullorðinna til íslensku séu almennt jákvæð. Samt kemur fram aldursbundinn munur á viðhorfum yngra og eldra fólks þar sem unglingar og yngri fólk er neikvæðara gagnvart íslensku en eldri fólk. Þá kemur einnig fram munur eftir því hvort þátttakendur sjá fyrir sér að búa á Íslandi í framtíðinni eða ekki, þar sem þeir sem sjá það ekki fyrir sér eru neikvæðari gagnvart íslensku en þeir sem sjá fyrir sér að búa hér áfram.

Niðurstöður öndvegisverkefnisins: Viðhorfshluti viðtala við 13–16 ára unglunga

En snúum okkur nú að niðurstöðum viðtalshluta öndvegisverkefnisins og skoðum fyrst niðurstöður eigindlegra viðtala sem tekin voru við 13–16 ára unglunga um viðhorf þeirra til íslensku og ensku. Berglindi Hrönn Einarsdóttir (2019) skrifaði MA-ritgerð innan verkefnisins um þetta efni. Hún skoðaði svör 48 unglunga á aldrinum 13–16 ára í viðtölunum við spurningunum í (1) hér að framan og vann úr svörum þeirra með þemagreiningu þar sem hún leit aði að þemum sem voru sameiginleg svörum þeirra.

Í (2) og (3) má sjá dæmi um svör unglinganna þegar þeir eru spurðir *hvort þeim finnst þeir tala góða íslensku*. R=rannsóknarmaður og V=viðmælandi.

(2)

R: En finnst þér þú tala góða íslensku?

V: Mér finnst ég tala ágæta íslensku já.

R: Mhm. Geturðu útskýrt það eitthvað nánar?

V: Öö ég er ekki eða þú veist það eru rosalega margir unglingar svona á mínum aldri sem eru að eða þú veist það kallast þágufallssýki (mhm). Ég er held ég ekki með hana sko (mhm) og ég fæ góðar einkunnir og svona í íslensku þannig að (já).

(sbr. Berglindi Hrönn Einarsdóttur 2019:57)

(3)

R: Einmitt. Frábært. Finnst þér þú tala góða íslensku?

V: Nei, (hlær), ef ég á að vera alveg hreinskilinn nei.

R: Nei, geturðu útskýrt það eitthvað nánar, af hverju?

V: Bara tala ensku svo mikið, bæti inn í setningarnar þó ég reyni það ekki og ég reyni að láta setningarnar hljóma svona réttar en já ... aðeins erfiðara.

R: Seturðu þá einhverjar slettur inn í setningarnar eða eitthvað svoleiðis?

V: Já stundum finn ég ekki rétta íslenska orðið, þá bæti ég enska orðinu við af því það skilja það flest allir.

(sbr. Berglindi Hrönn Einarsdóttur 2019:59–60)

Unglingnum í (2) finnst hann tala ágæta íslensku og þegar hann er beðinn um að rökstyðja svar sitt nefnir hann að hann sé ekki þágufallssjúkur og fái góðar einkunnir í íslensku. Í (3) svarar viðmælandinn þessari spurningu neitandi og rökstyður það með því að hann sletti of mikið ensku þótt hann reyni að vanda sig, en hann finni oft ekki rétta íslenska orðið.

Þegar unglingarnir eru spurðir *hvort það séu einhverjar sérstakar aðstæður þar sem þeim finnst mikilvægt að vera góð(ur) í íslensku* þá svara langflestir því játandi. Ástæðan sem flestir gefa fyrir þessu svári er að þeir segjast öðlast virðingu, aðal-

lega eldra fólks, með því að tala góða íslensku. Þetta viðhorf má sjá í (4) þar sem viðmælandi segir að hann reyni að vanda sig þegar hann talar við eldra fólk og í formlegum aðstæðum en hann nefnir einnig viðhorf sem var nokkuð ríkjandi hjá unglingunum, þ.e. að það skipti máli að vera góður í íslensku til að standa sig vel í íslenskutímum og prófum.

(4)

R: Eru einhverjar sérstakar aðstæður þar sem þér finnst góð færni í íslensku mikilvæg?

V: Próf og bara þegar þú ert í íslenskutímum yfir höfuð, umm ég myndi líka halda ef þú ert að tala við kannski eldri fólk, ég tala alltaf til dæmis, reyni að tala svona skýra íslensku þegar ég er að tala við eldri fólk, sem sagt ömmu mína og afa og líka einmitt núna þegar ég er í viðtali, þá reyni ég að tala svona vel. Uu, já.

(sbr. Berglindi Hrönn Einarsdóttur 2019:75)

Neikvæð viðhorf til íslensku koma þó einnig fram, eins og hjá unglingnum í (5), en hann var einn fimm unglinga af þeim 48 sem Berglindi Hrönn skoðaði viðtöl við sem voru jákvæðari í garð ensku en íslensku.

(5)

R: Finnst þér þú græða eitthvað á því að tala góða íslensku?

V: Ég veit það ekki. Mm, nei ekki kannski í daglegu lífi beint. Nema bara í skólanum, hærri einkunnir. Ég veit það ekki, nei.

R: En finnst þér þú græða eitthvað á því að kunna góða ensku?

V: Já það verður miklu auðveldara að ferðast og eiginlega allt svona afþreyingarefni er á ensku og svoleiðis. Það verður allt mikið auðveldara bara.

(sbr. Berglindi Hrönn Einarsdóttur 2019:72 og gögn verkefnisins)

Viðmælandanum í (5) finnst hann aðeins græða á því að tala góða íslensku í skólastarfi því þá fái hann hærri einkunnir. Honum finnst hann hins vegar græða mjög mikið á því að kunna góða ensku því það auðveldi honum samskipti á ferðalögum og aðgengi

að afþreyingarefni og góð enskukunnátta geri bara allt í lífinu miklu auðveldara. Hjá viðmælendum, sem voru almennt jákvæðari gagnvart ensku en íslensku, kom einnig gjarnan fram það viðhorf að íslenska sé ekki mikilvæg nema fyrir þá sem sjá framtíðina fyrir sér á Íslandi (sbr. Berglindi Hrönn Einarsdóttur 2019:89–90), sjá (6).

(6)

R: Ok. Finnst þér mikilvægt að tala góða íslensku?

V: Já á Íslandi já (mhm).

R: Finnst þér þú græða eitthvað á því?

V: Nei.

R: Ok. Finnst þér mikilvægt að tala góða ensku?

V: Það fer eftir ef þú býrð bara alltaf á Íslandi þá nei en ef þú ferð út þá já.

(sbr. Berglindi Hrönn Einarsdóttur 2019:90)

Þetta samræmist niðurstöðum Lilju Bjarkar Stefánsdóttur (2018) um heimdraga og heimsborgara, sem ég nefndi hér að framan, þar sem heimsborgarar voru neikvæðari gagnvart íslensku.

Greining Berglindar Hrannar (2019:91–96) á stafrænu ílagi unglínganna sýnir að það eru tengsl á milli ílagsmagns og þess hversu góðir unglíngarnir telja sig vera í íslensku og ensku. Þeir unglíngar sem hafa hátt hlutfall stafræns ílags í málumhverfinu telja sig góða í ensku en meta íslenskufærni sína aðeins í meðallagi eða ekki mjög mikla. Þeir unglíngar sem hafa lágt hlutfall stafræns ílags í málumhverfinu telja sig hins vegar almennt góða í íslensku en enskufærnin sé aðeins í meðallagi. Magn stafræns ílags virðist því hafa áhrif á þær hugmyndir sem unglíngarnir gera sér um íslensku- og enskufærni sína.

Ef niðurstöður viðtala í öndvegisverkefninu við 13–16 ára unglíngja eru dregnar saman þá kemur fram skýr munur á viðhorfi þeirra til íslensku og ensku þótt viðhorf þeirra séu almennt jákvæð til beggja mála. Þannig tengja þau góða færni í íslensku við það að tala „rétt mál“ (forskriftarmálfræði), skólustarf, einkunnir í íslensku og það að hafa mikinn orðaforða svo þau þurfi ekki að sletta ensku (hreintunguviðhorf). Það þema sem unglíngarnir nefna oftast þegar spurt er *hvers vegna það sé mikilvægt að tala góða íslensku* er virðing eldra fólks. Enska er hins vegar í þeirra huga

tengd afþreyingu í hinum stafræna heimi, ferðalögum til útlanda, tækni og tækifærum erlendis. Þau hafa mikinn áhuga á ensku og eru meðvituð um að góð enskukunnátta getur opnað þeim ýmsar dyr.

Niðurstöður öndvegisverkefnisins: Viðhorfshluti viðtala við 3–12 ára börn

Í barnaviðtölunum voru viðhorf 3–12 ára barna til íslensku og ensku einnig könnuð með eigindlegum viðtölum bæði við börn og foreldri/forráðamann þeirra. Ólöf Björk Sigurðardóttir (2020) skrifaði MA-ritgerð innan verkefnisins um þetta efni. Hún vann með svör 40 barna en þau voru valin út frá daglegu magni stafræns ílags samkvæmt mati foreldra. Börnunum var skipt í fjóra aldurshópa og í hverjum aldursflokki voru svör tíu barna skoðuð þar sem fimm börn fengu mikið stafrænt ílag og fimm lítið. Svör barnanna við níu spurningum um íslensku voru m.a. skoðuð og þemagreining notuð til að finna sameiginleg þemu í svörum barnanna.

Niðurstöður athugunar Ólafar Bjarkar (2020:72–74, 92–93) benda til að viðhorf 3–12 ára barna til íslensku og ensku séu almennt jákvæð. Í svörum barnanna er þemað samskipti ákveðið leiðarstef en þar hafa tungumálin þó að mestu aðskilin umdæmi. Umdæmi íslensku eru samskipti á Íslandi og í hugum barnanna er íslenska greinilega samskiptamálið hér á landi og því telja þau mikilvægt fyrir alla, sem kjósa að setjast hér að, að ná tökum á íslensku. Umdæmi ensku er víðara og margbrotnara. Það tengist hinum stafræna heimi en nær einnig til ferðalaga til útlanda og samskipta við innflytjendur og útlendinga hér heima. Einnig viðurkenna börnin að við ákveðnar aðstæður, sem tengjast helst notkun þeirra á stafrænum miðlum, sletti þau ensku eða tali ensku við íslenska vini sína.

Ólík viðhorf barnanna til málanna tveggja koma helst fram í tengslum við skólustarf (sbr. Ólöfu Björk Sigurðardóttur 2020:111–116). Börnin tengja góða færni í íslensku við íslenskukennslu í skólanum þar sem þau læri m.a. að tala „rétt mál“. Í skólanum telja þau sig hins vegar læra litla ensku því hana læri þau frekar af því að horfa á enskt efni og spila tölvuleiki í frítíma sínum (sjá einnig Ásrúnu Jóhannsdóttur 2010, 2018). Börn með mikið stafrænt ílag eru líklegri til að segjast hafa lært ensku á þennan hátt.

Ef við skoðum viðhorf barnanna til íslensku sérstaklega þá voru öll börnin sammála því að þau væru góð í íslensku en vildu samt bæta sig. Helst vildu þau bæta sig í málfræði, sérstaklega orðflokkgreiningu eins og sjá má í (7) þar sem viðmælandi í aldursþópi 10–12 ára segist ekki vera nógu góður í að finna föll orða og flokka fornöfn í undirflokkka.

(7)

R: Ókei. En myndirðu segja að þig langi til að verða betri í ensku, íslensku, fyrirgefðu?

V: Ee, svona í málfræði eða þannig?

R: Ja, bara almennt sko.

V: Já, já.

R: Eru einhverjar ástæður fyrir því að þú vilt vera betri? Eitthvað sem þér dettur í hug?

V: Ég er ekki alveg nógu góð í svona að flokka svona æji svona í svona föll eða ekki þú veist þannig heldur svona, hvað heitir svona. Persónu-fornöfn og svona.

R: Já, svona orðflokkgreina eða eitthvað svona málfræðidót eða eitthvað svoleiðis.

V: Eiginlega bara í svona fornöfnum.

R: Já, ókei. En að tala íslensku?

V: Já, mér finnst það ekkert mál.

(sbr. Ólöfu Björk Sigurðardóttur 2020:58)

Það sama er uppi á teningnum þegar spurt er: *Er gott að kunna íslensku?* en öll börnin voru sammála því. Viðmælandinn í (8), sem er í aldursþópi 8–9 ára, telur til dæmis góða kunnáttu í íslensku sérstaklega gagnast sér við að auka orðaforða sinn og stafsetningarkunnáttu og til þess að komast áfram í vinnubókum í skólanum.

(8)

R: Já, hvað hérna, hvað er gott við að kunna íslensku, hvað finnst þér?

V: Mmm ... maður getur lært fleiri orðaforða (mhm) og ... stafsetningu (já), að skrifa orðin rétt og eitthvað (mhm) og svo líka bara læra í vinnubókum og eitthvað.

(sbr. Ólöfu Björk Sigurðardóttur 2020:65)

Í huga barnanna er góð kunnáttu í íslensku því greinilega tengd skólustarfi og tengist þeim

málfræðiverkefnum sem unnið er með í skólanum.

Í svörum barnanna birtast einnig hreintunguviðhorf og forskriftarmálfræði. Í (9) má sjá svör viðmælanda í aldursþópi 8–9 ára sem finnst mikilvægt að auka íslenskan orðaforða sinn til að koma í veg fyrir að hann neyðist til að sletta ensku, sem sagt hreintunguviðhorf. Þá kemur forskriftarmálfræði fram í svörum viðmælandans í (10) sem er í aldursþópi 6–7 ára. Hann segir gott að kunna íslensku til að geta átt samskipti við foreldra sína og í því sambandi sé mikilvægt að tala „réttu íslensku“.

(9)

R: Já, langar þig að verða betri í íslensku?

V: U jaa, allavega að læra svona einhver svona orð sem eru þú veist, mig langar ekki að fara of mikið í ensku því þá eiginlega kann ég aldrei, eða þú veist, ef að einhver fer alveg inn í ensku þá kann hann ekki nógu vel íslenskuna og þá getur hann ekki talað hana nógu vel. Mig langar ekki að vera þannig.

(sbr. Ólöfu Björk Sigurðardóttur 2020:60)

(10)

R: Mhm, en er gott að kunna íslensku?

V: Það er mjög gott já.

R: Mhm, af hverju finnst þér það?

V: ... Af því að ... Af því að ... Af því að nefnilega ... mmm ... Ja það er eiginlega engin ástæða, það er bara mjög mikilvægt að geta talað við mömmu sína og pabba og ... og mjög mikilvægt að tala rétta íslensku og ...

(sbr. Ólöfu Björk Sigurðardóttur 2020:62)

Ef niðurstöður viðtala í öndvegisverkefninu við 3–12 ára börn eru dregnar saman þá tengja þau rétt eins og unglingarnir góða færni í íslensku við skólustarf þar sem þau læri málfræði, sérstaklega orðflokkgreiningu og stafsetningu. Í skólanum auki þau einnig íslenskan orðaforða sinn sem þau telja mikilvægt til að þau þurfi ekki að sletta ensku og þar segjast þau einnig læra að tala „rétt mál“, sem sé mikilvægt til að öðlast virðingu eldra fólks.

Niðurstöður öndvegisverkefnisins sýna því að færni í móðurmálinu virðist nátengd árangri í íslensku sem námsgrein í skólanum bæði í hugum 6–12 ára barna og 13–16 ára unglinga. Skólasam-

félagið og þau viðmið sem þar gilda, hreintungustefna og forskriftarmálfræði, hafa því áhrif á viðhorf barna og unglunga til íslensku, rétt eins og komið hefur fram í fyrri rannsóknum á þessu efni, sbr. Hönnu Óladóttir (2017) og Ásgrím Angantýsson o.fl. (2018) um viðhorf grunn- og framhaldsskólanema til íslenskukennslu í skólum.

Lokaorð

Í upphafi erindisins kom fram að viðhorf málnotenda til móðurmálsins skipta sköpum fyrir þróun þess og framtíð í málsambýlisaðstæðum eins og þeim sem nú eru ríkjandi á Íslandi. Ungverjinn Andrés Kornai (2013) nefnir þrjú skýr merki um yfirvofandi dauða tungumáls. Fyrst skerðist notkunarvið málsins, síðan verða viðhorf til málsins neikvæð og loks skerðist málkunnátta málhafa. Í niðurstöðum öndvegisverkefnisins má sjá merki um öll þessi atriði þótt enn sé sem betur fer ekki að sjá að málkunnátta barna og ungmenna hafi skerst verulega (sbr. Sigríði Sigurjónsdóttir o.fl. 2020 um nokkrar niðurstöður öndvegisverkefnisins). Enn er því hægt að spyrna við fótum og í því sambandi skiptir öllu að tryggja að viðhorf ungra málnotenda til íslensku séu jákvæð.

Í því sambandi er það áhyggjuefni að börn og unglingar telji sig þurfa að læra móðurmál sitt í skóla en að þau læri erlenda eða annað málið ensku ósjálfrátt úti í samfélaginu. Börn og unglingar sem alist hafa upp á Íslandi kunna íslensku og það er mikilvægt að þau átti sig á því til að þau kjósi að eiga samleið með íslenskunni.

Heimildir

- Ari Páll Kristinsson. 2017. *Málheimar. Sitthvað um málstefnu og málnotkun*. Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- Ásgrímur Angantýsson, Finnur Friðriksson og Sigurður Konráðsson. 2018. Málfræði og málfræðikennsla. Í Kristján Jóhann Jónsson og Ásgrímur Angantýsson (ritstjórar): *Íslenska í grunnskólum og framhaldsskólum*, bls. 135–173. Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- Ásrún Jóhannsdóttir. 2010. English in the 4th grade in Iceland: Exploring exposure and measuring vocabulary size of 4th grade students. *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2010*.
- Ásrún Jóhannsdóttir. 2018. English exposure and vocabulary proficiency at the onset of English instruction. Í Birna Arnbjörnsdóttir og Hafdís Ingvarsdóttir (ritstjórar): *Language Development Across the Lifespan: The Impact of English on Education and Work in Iceland*, bls. 57–78. Springer, Cham.
- Berglind Hrönn Einarsdóttir. 2019. Viðhorf unglunga til íslensku og ensku. Niðurstöður viðtalskönnunar við 48 unglunga á aldrinum 13–16 ára. MA-ritgerð í íslenskri málfræði, Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Birna Arnbjörnsdóttir. 2018. English exposure, proficiency and use in Iceland. Í Birna Arnbjörnsdóttir og Hafdís Ingvarsdóttir (ritstjórar): *Language Development across the Life Span*, bls. 35–55. Springer, Cham.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 2016. Um utanaðkomandi aðstæður íslenskrar málþróunar. *Skírnir* 190(1):17–31.
- Eiríkur Rögnvaldsson, Kristín M. Jóhannsdóttir, Sigrún Helgadóttir og Steinþór Steingrímsson. 2012. *Íslensk tunga á stafrænni öld / The Icelandic Language in the Digital Age*. META-NET White Paper Series. Springer, Berlín.
- Hanna Óladóttir. 2017. Skólamálfraði: Hver er hún og hver ætti hún að vera? Um markmið og áhrif málfræðikennslu á unglíngastigi grunnskólans. Doktorsritgerð í íslenskri málfræði, Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Kornai, Andrés. 2013. Digital language death. *PLOS ONE* 8(10).
- Lilja Björk Stefánsdóttir. 2018. Heimdragar og heimsborgarar. Menningarlegur hvati í stafrænu málsambýli. MA-ritgerð í íslenskri málfræði, Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Ólöf Björk Sigurðardóttir. 2020. Tungumál og tækni-vædd börn: Viðhorf barna til íslensku og ensku og tengsl þeirra við skjá- og netnotkun. MA-ritgerð í íslenskri málfræði, Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Pearson, Barbara Z. 2007. Social factors in childhood bilingualism in the United States. *Applied Psycholinguistics* 28:399–410.

- Sigríður Sigurjónsdóttir. 2019. Ljáðu mér eyra: Framtíð íslenskunnar og málumhverfi ungra barna. *Skírnir* 193(1):47–67.
- Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson. 2018. Stafrænt sambýli íslensku og ensku. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun. Sérrið 2018 – Menntakvika 2018*.
- Sigríður Sigurjónsdóttir, Iris Nowenstein, Þorbjörg Þorvaldsdóttir og Dagbjört Guðmundsdóttir. 2020. Contact without contact: English digital language input and its effects on L1 Icelandic. Í Megan M. Brown og Alexandra Kohut (ritstjórar): *Proceedings of the 44th Annual Boston University Conference on Language Development*, bls. 606–619. Cascadilla Press, Somerville, Massachusetts.
- Thomason, Sarah G. 2001. *Language Contact: An Introduction*. Edinburgh University Press, Edinburgh.



Finnur Friðriksson

„Já, þá fær maður hærri einkunn í íslensku, ef maður talar rétt“

Íslenskt mál í augum nemenda og kennara

Viðfangsefni þessa málræktarþings er viðhorf til íslensks máls. Ég mun í þessu erindi mínu þrengja þetta svið nokkuð og einblína á skólaumhverfið og viðhorf nemenda og kennara til málsins. Í upphafi máls mín mun ég víkja stuttlega að þeirri rannsókn sem þau gögn og þær niðurstöður sem hér verða ræddar spruttu upp úr. Síðan fjalla ég með beinum hætti um þau viðhorf nemenda og kennara til íslensks máls sem greina má í þessum gögnum og legg svo loks fram stutta niðurstöðu eða lokaorð. Eins og hlustendur verða eflaust varir við má greina ýmsa sameiginlega þæði í því efni sem hér verður kynnt og því sem Sigríður Sigurjónsdóttir ræddi í erindi sínu hér áðan.

Rannsókn sú sem ég nefndi hér rétt í þessu gengur í daglegu tali þeirra sem að henni koma undir nafninu ÍNOK-rannsóknin en ÍNOK er skammstöfun á fulla heitinu „Íslenska sem námsgrein og kennslutunga“. Rannsóknin náði til bæði grunn- og framhaldsskóla og eins og heiti hennar gefur til kynna var hún að stofni til tvíþætt. Annars vegar var tilgangur hennar að grafast fyrir um stöðu íslensku sem námsgreinar og var þar horft til greinarinnar í heild og allra þeirra þátta sem henni er alla jafna skipt upp í í aðalnámskrá, þ.e. lestur og bókmenntir, málfræði, ritun og talað mál, hlustun og áhorf. Hins vegar var rannsókninni ætlað að kanna stöðu og notkun íslensku sem kennslutunga, hver svo sem kennslugreinin er. Þannig sat sá sem hér stendur nokkrar

kennslustundir í efnafræði í ótilgreindum skóla og fylgdist þar með því hvernig íslenskt mál nýttist við þá kennslu, þó hann hafi svo sem mest lítið skilið af því efni sem borið var á borð, og annar rannsakandi stóð drjúga stund á sundlaugarbakka til að átta sig á því hver hlutur íslensku er í sundkennslu. Allar námsgreinar þarna á milli lágu svo jafnframt undir.

Í rannsókninni var unnið út frá þremur meginrannsóknarspurningum. Þær voru:

- Hvaða þekkingu og færni er mest lagt upp úr í íslensku í skólakerfi okkar?
- Að hvaða marki samræmist veruleiki kennslustofunnar hugmyndum skólafyrvalda um nám og kennslu íslensku sem móðurmáls?
- Að hvaða marki mætir íslenska kröfum kennara og nemenda sem öflug kennslutunga í grunn- og framhaldsskólum?

Þessar spurningar kvísluðust síðan og þrengdust eftir því hvaða svið íslenskunnar, hvaða þátttakendur rannsóknarinnar og hvaða skólastig lá undir hverju sinni.

Þá er rétt að víkja nokkru nánar að framkvæmd rannsóknarinnar og þeim gögnum sem hún gaf af sér. Efnissöfnun stóð yfir frá 2013 til 2015 og úrvinnslu gagna var lokið árið 2016. Helstu niðurstöður verkefnisins komu síðan út árið 2018, í bókinni Íslenska í grunnskólum og framhaldsskólum, sem ritstýrt var

af Kristjáni Jóhanni Jónssyni og Ásgrími Angantýssyni. Niðurstöður úr einstökum hlutum rannsóknarinnar hafa jafnframt birst í ýmsum greinum og verið kynntar á ráðstefnum. Rannsóknin náði síðan, sem fyrr segir, til bæði grunn- og framhaldsskóla og voru þátttökuskólar valdir með lagskiptu slembiúrtaki. Alls tóku níu grunnskólar þátt og fimm framhaldsskólar. Af hagkvæmnisástæðum og til að tryggja að gögn fengjust frá mismunandi skólagerðum var ákveðið að ákveðinn fjöldi skóla skyldi vera á höfðuborgarsvæðinu og hinir á landsbyggðinni, nánar tiltekið Norður- og Austurlandi. Í grunnskólum var gagna aflað úr 3., 6. og 9. bekk og í framhaldsskólum af 1. og 3. ári og var það gert til að hvorttveggja í senn afmarka efnissöfnunina frekar og tryggja að innsýn fengist í yngsta, mið- og efsta stig grunnskólans og í mismunandi árganga framhaldsskólans. Rétt er að taka fram að þegar gagna var aflað var framhaldsskólanám á Íslandi enn í grunninn skipulagt sem fjögurra ára nám.

Gögnin sem aflað var voru í meginráttum þríþætt. Í fyrsta lagi voru gerðar vettvangsathuganir í kennslustundum í íslensku jafnt sem öðrum greinum. Þar var horft til námsefnis, kennsluáferða, notkunar íslensku sem kennslutungu og þeirrar þekkingar og færni sem lögð var til grundvallar hverju sinni, sérstaklega í íslenskutímum. Alls urðu vettvangslýsingarnar 111 í grunnskólum og 56 í framhaldsskólum. Ber þar að geta þess að heildarfjöldi þeirra kennslustunda sem fylgst var með er öllu meiri en þessar tölur segja til um þar sem tvöföldum og jafnvel þreföldum kennslustundum var oftast en ekki slegið saman í eina vettvangslýsingu. Í öðru lagi voru tekin viðtöl við nemendur, kennara og stjórnendur, þar sem rætt var í víðu samhengi um afstöðu viðmælenda til íslensku sem námsgreinar og kennslutungu. Nemendur sem rætt var við komu úr 6. eða 9. bekk og hittu rannsakendur í fjögurra manna kynja- og getublönduðum hópum. Megináhersla var síðan lögð á að ræða við íslensku- og/eða umsjónarkennara í öllum þátttökuskólum en einnig var rætt við hópa faggreinakennara annarra greina þar sem því varð við komið. Þá var rætt við einn stjórnanda úr hverjum skóla. Alls urðu viðtölin 34 í grunnskólum og 17 í framhaldsskólum. Í þriðja og síðasta lagi fólst gagnaöflunin svo í því að safna kennsluáætlunum og

skólanámskrám úr öllum þátttökuskólum og inntak þeirra var borið saman við aðalnámskrár og íslenska málstefnu.

Í því sem hér fer á eftir hefur verið unnið úr mjög takmörkuðum hluta gagnasafnins, þ.e. eingöngu úr viðtölum við nemendur og kennara, og þá eingöngu úr þeim hlutum viðtalanna sem snerust um málfræði. Þess ber jafnframt að geta að í viðtölunum var hvergi spurt með beinum hætti um viðhorf þátttakenda til íslensks máls eða ákveðinna atriða innan þess. Spurningarnar beindust frekar að tilgangi og inntaki málfræði í augum þátttakenda, hvað það þýddi að vera vel að sér í málfræði, hvort og þá hvernig málfræði nýttist í íslenskunámi almennt og þar fram eftir götunum. Úr svörum þátttakenda má þó vitaskuld lesa ansi margt á milli línanna um viðhorf þeirra til íslensks máls og verður röddum þeirra leyft að hljóma sem mest sjálfum í umfjöllun minni.

Víkjum fyrst að nemendum og viðhorfum þeirra til íslensks máls og málfræði. Þar mátti glögggt greina fjögur meginþemu. Fyrsta þemað – sem jafnframt er sýnu fyrirferðarmest – myndaðist í gegnum endurtekin viðbrögð viðmælenda okkar við spurningunum um hvað þeim dytti helst í hug þegar þeir heyrðu minnst á hugtakið „málfræði“ og hvað það þýddi að vera vel að sér í málfræði. Þegar þessar spurningar höfðu verið bornar upp beindist umræðan iðulega inn á vangaveltur um rétt mál og rangt; um hvað má og hvað má ekki gera þegar íslenskt mál er notað. Hér má til að mynda sjá stutt dæmi úr einu viðtalinu við nemendur í 9. bekk, sem greina frá því hvaða hugrenningatengsl vakna hjá þeim þegar þeir heyra minnst á málfræði (N stendur fyrir nemendur og R fyrir rannsakanda):

N1: Málfinnur

N2: Guð já

N1: Málfræðibækurnar og ömmur mínar

...

R: Þú nefndir ömmu þína, af hverju tengir þú hana við málfræði?

N3: Af því að hún leiðréttir málfræði

Samkvæmt þessum nemanda er málfræði með öðrum orðum fyrst og fremst einhvers konar „leiðréttingartæki“.

Næsta dæmi er svo af svipuðum toga en það kom sem svar við spurningunni um hvað það þýddi að vera vel að sér í málfræði. Stefið um að tala rétt eða vitlaust verður hér býsna skýrt:

N1: Það er svo óþægilegt að hlusta á einhvern sem er alltaf að ... segja allt rangt

N2: Já og ...

N1: ... og í vitlausri röð og þannig

N2: ... og þá myndu alltaf fleiri og fleiri fara að tala þannig og þá myndi það bara eyðileggjast svona á endanum eða þróast svona

N3: Já, fara allir að tala eins svona

N2: Já, yrði bara allt vitlaust

Annað þemað sem greina má í svörum nemenda tengist því fyrsta með beinum hætti þar sem það snýst um þá togstreitu sem nemendur virðast skynja á milli gagnsemi og gagnsleysis málfræði. Þannig höfum við þegar séð að þeir telja málfræði vera öflugt tæki til að kveða upp úr um hvað telst rétt eða rangt í málinu en um leið nefna þeir helst ýmis málfræðihugtök þegar þeir eru beðnir um að tilgreina þá þætti íslenskunámsins sem nýtast þeim minnst. Þetta sést t.d. í eftirfarandi viðbrögðum eins nemandans: „Sko, ég hef spurt foreldra mína, vitið þið hvað til dæmis frumlag er ... í setningu, þau vita það ekki, þau lifa bara ágætu lífi þrátt fyrir það.“ Hvað svo sem málfræðingar og íslenskukennarar kunna að segja virðist það sem sagt ekki vera lífsnauðsynlegt að þekkja hugtakið „frumlag“, og fleiri hugtök eru tínd til í eftirfarandi viðbrögðum eins nemendahópsins við þessu umræðuefni:

N1: Fallbeyging

N2: Orðflokarnir ... og sagnorð og bara allt

...

N1: Óþarfi að flækja hlutina

N3: Orðflokkar

N2: Ég skil ekki af hverju við þurfum endilega að vita alla orðflokka

N3: Svona málfræðireglurnar, þú veist eins og að fallbeygja og allt það drasl

Hér er raunar athyglisvert að nemendum virðist vera sérstaklega uppsigað við orðflokka og sömu afstöðu má greina í fleiri viðtölum.

Þriðja þemað sem fram kom í nemenda-viðtölunum felst í ákveðnu ósamræmi sem þeir upplifa á milli þess sem þeir vilja læra í skólanum og þess sem þeir læra þar í raun en þeir telja margir of miklum tíma varið í skólamálfraði á kostnað þess að gera þá vel læsa og ritfæra. Efirfarandi tvö dæmi sýna þetta glögg en þar er annars vegar (a) um að ræða viðtalsbút þar sem nemendur kvarta undan ofuráherslu á orðflokka og hins vegar (b) vangaveltur nemenda um hvað hann telur rétt að leggja áherslu á í íslenskukennslu:

(a) N1: Orðflokkar

N2: Ég skil ekki af hverju við þurfum endilega að vita alla orðflokka

N3: Akkúrat

R: Nei, já, og fer dálítið mikill tími í það kannski?

N2: Já, eiginlega

N1: Já

N4: Við förum náttúrulega aðallega bara í það núna, fattarðu

(b) Mér finnst stafsetning og þú veist ég myndi vilja þú veist læra meira eða gera meiri svona ritgerðir og svona, af því að ég veit að við munum þurfa að gera það meira í framtíðinni

Hér er svo vert að benda sérstaklega á að nemandinn í dæmi (b) hér fyrir ofan er í 9. bekk og þær áherslur sem hann nefnir sem æskilegar eru nokkuð dæmigerðar fyrir jafnaldra hans. Framhaldsskólanemarnir auglýsa hins vegar margir hverjir eftir meiri málfræðikennslu á því stigi þar sem þeir telja sig skorta þann grunn sem hún veitir undir þá ritunarvinnu sem þeir sinna þar. Hér má því greina ákveðna mótsögn á milli þessara tveggja aldurshópa.

Fjórða og síðasta þemað, sem kemur fram meðal nemenda, felst svo í þeirri andstæðu sem birtist á milli þess sem nemendur læra í skólanum og þess menningarlega lærdóms sem þeir fá annars staðar, einkum heima hjá sér. Með því er átt við að skólinn virðist stundum umbuna nemendum fyrir ákveðna þekkingu eða færni sem þeir afla sér utan

skólastofunnar en hafa svo með sér í farteskinu þegar þeir koma í skólann. Eftirfarandi bútur úr einu viðtalinu, þar sem nemendur svara því hvað þeir telja sig kunna í málfræði, er eitt skýrasta dæmið um þetta:

R: En hvað finnst ykkur þið kunna, sko bara ef þið hugsið svona eins og þessi hefðbundnu málfræðihugtök ...

N1: Ég er rosalega góð í svona hugtökum og svona, en svo kemur stafsetningin og þá er það svona ííí ...

R: En þið strákar?

N2: Já, ég skil rosalega mikið það sem ég læri að bara, ég er, tekur mig ekki langan tíma að skilja hluti þegar ég að læra

N3: Hann er sem sagt svona mastermindið í bekknum

N4: Já, hann er svona, mjög hentugt að vera með honum í liði í svona spurningakeppnum og

R: Já, ég skil, ég skil

N2: Bara af því að ég hef lesið

R: Já, en finnst ykkur þá skipta einhverju máli hvernig þið talið í skólanum?

N1: Já

N3: Já

N2: Mmm. Já

...

N1: Já, þá fær maður hærri einkunn í íslensku, ef maður talar rétt

Hér ber helst að horfa til þess nemanda sem merktur er sem N2 og þess sem hann segir um að hann hafi lesið. Með því á hann við að hann lesi heima hjá sér að eigin frumkvæði og vali og að sú þekking sem hann aflar sér þannig nýtist honum vel í skólanum þó hún sé ekki borin á borð þar. Við þetta bætist svo nánar útfært svar nemanda N1 við spurningunni um hvort það skipti máli hvernig talað er í skólanum en þegar sá nemandi talar um mikilvægi þess að tala rétt vísar hann ekki endilega til þess máls sem kennt er í skólanum heldur ekki síður til þess máls sem hann tekur með sér inn í skólann úr umhverfi sínu heima fyrir.

Og þá vísar sögunni að kennurum. Úr svörum þeirra um afstöðu þeirra til máls og málfræði má einnig lesa fjögur meginþemu. Þar ber fyrst að

nefna að það kom okkur rannsakendunum nokkuð á óvart hve oft hugmyndir kennaranna um mál og málfræði virtust vera lítið mótaðar. Þeir voru vissulega allir sammála um að mikilvægt væri að vera vel að sér í málfræði en þegar þeir voru beðnir um að útfæra nánar hvað fælist í því beindist umræðan oftast en ekki að einstökum málfræðisatriðum frekar en að einhvers konar heildarsýn væri lögð fram. Hér kom sérlegur góðkunningi málfræðisatriðanna, þágufallsýkin, oftast við sögu en einnig mátti heyra ummæli eins og „Almenningur er farinn að nota fæturnar í hitt og þetta.“ Undantekningar frá þessu meginstefi voru þó vissulega til staðar og þannig tengdu sumir kennarar málfræði og málnotkun skýrt saman, sbr. eftirfarandi ummælis eins þeirra:

Það [að vera vel að sér í íslensku] er sá sem að hérna hefur dálítið fjölbreyttan orðaforða í fyrsta lagi og hérna getur komið svona hugsunum sínum vel frá sér án þess að tafsa mikið en svo er náttúrulega líka sá sem er vel að sér í íslensku, hann hefur lesið margt hérna á íslensku og hann veit líka mikið um byggingu málsins, málfræðina og allt þetta og hann getur nýtt sér það í, í einhverja aðra þágu heldur en að greina bara orð í tætlur, heldur nýtist manni einhvern veginn í að bæta málfar og hérna ... já, geti rit, skrifað og bara gert allt voða vel ... allt sem lýtur að íslensku.

Annað þemað sem má greina hjá kennurum er þema sem einnig mátti sjá hjá nemendum, þ.e. togstreitan á milli gagnsemi og gagnsleysis málfræðinnar en hjá kennurunum snerust vangavelturnar í þessum efnum einkum um hverju hefðbundin greiningarvinna í málfræðikennslu skilaði. Þessa togstreitu má t.a.m. sjá í svörum eins kennarans sem byrjar á því að segja: „En ég sé ekki mikinn tilgang ... með því að vera að nota mikinn tíma í það að kenna svona greinandi málfræði, þá er ég að meina svona flokkun ... ég fer mjög lítið í þetta,“ en heldur svo áfram og bætir við:

En hérna mér finnst þau samt þurfa að kunna einhvern grunn sko ... Ég er til dæmis voðalega hrifin af og ég vil að allir læri um kennimyndir sagna ... vegna þess að ... þá læra þau hvernig

beygingin er og fá svona tilfinningu fyrir þessu ... Þannig að ég skipti þessu svolítið, hvað skiptir máli og hvað skiptir ekki máli ... og ég held að það sé ágætt fyrir mig að vera vel að mér í málfræði en ég myndi samt ef ég ætti að velja miklu frekar vera sko, hafa lesið meira, og hafa meiri þekkingu á bókmenntum.

Hér má glögg sjá hvernig kennarinn sveiflast fram og til baka varðandi það hvað beri að kenna í málfræði og jafnvel hvert mikilvægi málfræðinnar sé, í hlutfalli við aðra þætti námsgreinarinnar íslensku.

Hvað sem líður þessari óvissu kennara um gagnsemi málfræðinnar mátti, í þriðja þemanu sem fannst í viðtölum við þá, greina hjá þeim almenna samstöðu um að skýrir snertifletir væru á milli málfræði og annarra þátta íslenskunnar. Þannig bendir einn kennarinn á að:

Við höfum verið að æfa þátíð af ýmsum orðum eins og að sigla og tefla ... Sko ef maður getur ekki útskýrt það málfræðilega að þá skrifa þau þetta alltaf vitlaust ... Bara af hverju skrifar maður þetta svona? Bara, jú, stofninn er hér ... Þannig að það er gott sem kennari að geta gripið í þessi málfræðihugtök sem rökstuðning fyrir hvernig á að skrifa orðin rétt ... Þannig að þannig séð ... hjálpar hérna málfræðigreining til málvöndunar.

Hér er greinilegt hvernig málfræðin fléttast, að mati kennarans, inn í kennslu í ritun og/eða stafsetningu, og þar með jafnvel inn í eflingu málvitundar nemenda. Sambærileg ummæli koma fram hjá fleiri kennurum.

Við þetta þema má svo bæta að þeir íslenskukennarar sem jafnframt kenna erlend tungumál, sem og þeir fagreinakennarar erlendra tungumála sem tekin voru viðtöl við, sáu skýr tengsl á milli kennslu íslenskrar málfræði annars vegar og erlendra tungumála hins vegar. Afstaða kennaranna í þessum efnum er dregin snyrtilega saman í orðum eins kennaranna sem kennir bæði íslensku og erlend tungumál: „Það sem þau ekki kunna í íslenskri málfræði er erfitt að útskýra í erlendu tungumáli.“ Vísar hann hér til þess að ekki sé hlaupið að því að kenna til dæmis viðtengingarhátt í þýsku eða þolmynd í ensku ef ekki

liggur fyrir ákveðinn grunnur um þau hugtök á íslensku.

Fjórða og síðasta meginþemað, sem greina mátti í viðtölum við kennara, snýr í raun meira að því hvaðan viðhorf þeirra til máls og málfræði koma en að viðhorfunum sjálfum. Hér er átt við að þó ekki hafi verið farið í tölfræðilega greiningu á því virðist óhætt að fullyrða að skýrt samband sé á milli þess að gerast íslenskukennari og þess að hafa fengið strangt og íhaldssamt málfarslegt uppeldi. Íslenskukennarar voru einmitt spurðir gagngert um þetta atriði í viðtölunum, þ.e. hvert málfarslegt uppeldi þeirra hefði verið, og svör þeirra voru flest á þá leið sem sjá má hér:

Ég elst upp með sko afa mínum og ömmum, systkinum þabba og svo foreldrum mínum og systkinum og alltaf endalaust bræðrum hennar ömmu að koma í heimsókn þannig að amma sat á rúmstokknum og las fyrir mann ljóð og sögur og það var bara talað fallett íslenskt mál á mínu heimili.

Hér virðist öll stórfjölskylda, ef ekki ætt, kennarans hafa tekið þátt í máluppeldinu og málinu er skilað milliliðalaust frá einni kynslóð til annarrar. Fróðlegt var svo líka að sjá að nokkrir kennarar tengdu dálæti sitt á góðu máli því að hafa alist upp í sveit og einn tiltók sérstaklega að hann hefði alist upp á Norðurlandi sem virðist í augum hans heimahérað hinnar einu sönnu íslensku. Að öðru leyti virtist hið málfarslega uppeldi ekki síst vera byggt á því sem kennararnir kölluðu „góðar bækur“. Þeir útlistuðu ekki alltaf nánar hverjar þessar góðu bækur voru en þegar þeir gerðu það nefndu þeir nánast undantekningalaust Íslendingasögur og verk Halldórs Laxness. Einnig voru ljóð oft nefnd til sögunnar.

Þá fer að líða að lokum þessa erindis og rétt að draga megininntak þess stuttlega saman. Hér mætti auðvitað tína ýmislegt til en mig langar að einblína á tvennt sem einkum vekur mig til umhugsunar í því sem fram hefur komið, ekki síst á grunni viðtalanna við nemendur. Þar á ég í fyrsta lagi við að margt bendir til þess að ímynd íslenskunnar í augum nemenda sé nokkuð sláandi en svo ég orði það með kannski svolítið glannalegum hætti virðist mér mega

halda því fram að þeir líti fyrst og fremst á íslensku sem tæki til að tala „rétt“ en síður til þess að segja eitthvað af viti. Með öðrum orðum sjá þeir hana ekki endilega sem verkfæri til að koma einhverju á framfæri heldur nota hana frekar til þess eins að fara eftir þeim reglum sem þeir telja gilda um hana. Þessu mætti kannski líkja við það að setjast í bíl og aka stefnulaust af stað til þess eins að fylgja umferðarreglum, merkingum og skiltum frekar en að reyna að

komast á einhvern áfangastað. Í öðru lagi, og í beinu framhaldi af fyrra atriðinu, má velja því fyrir sér hvort þetta viðhorf, sem og togstreitan á milli gagnsemi og gagnsleysis málfræðinnar, taki breytingum verði dregið úr hinni hefðbundnu áherslu á hugtakabundna greiningarvinnu í málfræðikennslu. Ég þykist vita að víða hafi þegar verið dregið úr þessari áherslu og fróðlegt verður að fylgjast með því hvaða áhrif það hefur.



Anna Vilborg Einarsdóttir og Sigríður Sigurðardóttir

Tungumál í ferðapjónustu

Dýrmætasti menningararfur okkar er tungumálið sem við tölum. Í því felst yfir þúsund ára reynsluheimur kynslóðanna sem á undan okkur eru gengnar. Við höfum hingað til notað það og lagað að nýjum tímum, nýrri tilveru, með því að smíða ný orð og aðlaga erlend hugtök, með smávegis breytingum. Sameiginlegt tungumál er mikilvægt og því meir sem málsvæðið er smærra. Í dag stöndum við frammi fyrir áskorun. Alþjóðlegt tungumál tæknivæðingar nútímans er enska sem birtist okkur um allan heim og ekki aðeins í tæknigeiranum heldur einnig í verslun, skemmtun, ferðapjónustu og flestum upplýsingum. Mun íslensk tunga týnast í enskuvæðingunni?

Í þingsályktun nr. 36/149 um að efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi, sem samþykkt var á Alþingi 7. júní 2019, er kveðið á um að allir sem búsettir eru á Íslandi skuli „eiga þess kost að læra og nota íslensku til almennrar þátttöku í íslensku þjóðlífi. Þeir skulu eiga rétt á að nota íslensku í öllum samskiptum við opinberar stofnanir og fyrirtæki sem veita eða selja almenningi þjónustu, sbr. lög um íslenska tungu og íslenskt táknmál.“ Reyndin virðist allt önnur.

Sameiginlegur áhugi á íslenskri tungu hefur oft leitt okkur, höfunda þessarar greinar, til spjalls um það hvers vegna íslenska er ekki fremur notuð sem tækifæri í ferðapjónustu en sem fjötur sem virðist raunin. Sem kennarar við Ferðamáladeild Háskólans á Hólum teljum við málið okkur skylt og vert að skoða hvers vegna þeim fjölgar stöðugt sem velja

ensku fremur en íslensku sem tungumál samskipta og markaðssetningar. Vitað er að náttúra Íslands laðar að sér erlenda ferðamenn en öllum má vera ljóst að þeir hafa ekki síður áhuga á menningu landsins og fólkinu sem hér býr. Ferðamenn spyrja oft um það hvernig íslenska hljómar. Ættu þeir að þurfa að spyrja um það? Svo margt og svo hratt hefur gerst í íslenskri ferðapjónustu. Eitt af því er sú staðreynd að íslenskan hljómar æ sjaldnar í eyru ferðalanga. Sumir fara um landið án þess nokkurn tíma að heyra hana og varla sjá. Ein birtingarmynd hraðrar uppbyggingar ferðapjónustunnar undanfarinn áratug er að ferðapjónustufyrirtæki hafa valið þann kost að nefna fyrirtækin enskum nöfnum og í sumum tilfellum hafa verið tekin upp ensk, eða önnur erlend nöfn, í stað íslenskra nafna. Önnur birtingarmyndin er að stöðug fjölgun skilta sem bera skilaboð á enskri tungu til vegfarenda, hvort sem þeir eru íslenskir eða erlendir. Okkur fannst kominn tími til að kanna stöðuna.

Við fengum til samstarfs við okkur Ágústu Þorbergsdóttur, starfsmann Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum í rannsókn um stöðu tungumála í ferðapjónustunni. Við settum okkur þau markmið að rannsaka tungumálanotkun í íslenskri ferðapjónustu á næstu árum og fá innsýn í hvaða tungumál eru algengust og hvers vegna. Okkur tókst að hefja leik sumarið 2020 en urðum að sníða stakkinn eftir vextinum, með tilliti til kórónuveiru faraldursins (Covid-19).

Sumarið 2020 voru tekin viðtöl við 30 ferðaþjónustuaðila á Norðurlandi og Suðurlandi. Þau voru hljóðrituð og afrituð og var lengd hvers þeirra 20–40 mín. Aðeins var talað við forsvarsmenn ferðaþjónustufyrirtækja sem báru erlend nöfn. Fyrstu viðtölin voru tekin augliti til auglitis og svo í síma, vegna áhrifa frá kórónuveiru faraldrinum. Allir viðmælendur gáfu upplýst samþykki um úrvinnslu viðtalananna, annaðhvort skriflega eða með því að samþykkja afritunina með netpósti. Rannsóknin var framkvæmd í tvennu lagi:

- Rafræn spurningakönnun var send til ferðaþjónustufyrirtækja sem báru erlend nöfn, um allt land.
- Viðtöl voru tekin við 15 ferðaþjónustuaðila á Norðurlandi og 15 á Suðurlandi.

Viðtölin gáfu mikilvæga og margvíslega svörun en heimtur spurningakönnunarinnar voru ekki eins góðar og við reiknuðum með. Sennilega skýrist það af þeirri staðreynd hve margir einyrkjar starfa í ferðaþjónustu og að hluta til þess að þeir gáfu sér ekki tíma til að svara í sumar og þá er ekki hægt að greina út frá heitum fyrirtækjanna. Úrvinnsla rafrænu spurningakönnunarinnar stendur yfir en við kynnum hér fyrstu niðurstöður viðtala um hvaða tungumál eru helst notuð á vinnustöðunum, hvort erlendir starfsmenn séu hvattir til að læra íslensku, hvers vegna fyrirtækin bera erlend nöfn og hvort nafninu hafi verið breytt úr íslensku á annað tungumál. Sýndar eru nokkrar beinar tilvísanir sem lýsa viðhorfi ferðaþjónustuaðilanna til tungumálanotkunar í ferðaþjónustu.

Hvers vegna erlent nafn?

Hér eru nokkur dæmi sem sýna hvers vegna valið var erlent nafn á fyrirtækið.

1. „Við settum bara nafnið upp á ensku út af því að það er svona tungumálið sem að flestallir kunna skilurðu? Jafnvel þótt það séu Íslendingar eða einhverjir aðrir erlendir.“
2. „Það kemur af því að viðskiptavinirnir voru eingöngu erlendir og kannski ákveðið hugsunarleysi. Ég er ekki að segja að við hefðum tekið aðra ákvörðun í dag, en við hugsuðum ekkert um það hvort við ættum að hafa það á íslensku eða ensku.“

3. „Heitið var íslenskt í mörg ár, alveg þangað til ferðaþjónustan fór að aukast svona mikið. Við tókum eftir því að við þurftum að merkja ferðirnar einhverju sem að útlendingurinn gæti skilið þegar hann bókar. Þeir muna það betur, af því að við erum náttúrulega mest á fjöllum þá muna þeir þetta *mountain* og svo er heitið sýnilegt á bilunum, sko.“
4. „Ég var búin að gæða í þessa hella og fólk var alltaf ... svona tók andköf *this blue ice, this blue ice*. Og þegar mér datt í hug tengja þetta við íshellana þá datt mér bara í hug *Blue Iceland*, út frá þessari upplifun.“
5. „Þetta er eins og með Stuðlagilið, það eru einhverjir sem skíra þetta. Mikið af erlendu fólki að vinna í bransanum. Þeir finna íshella og þá eru þeir undantekningalaust alltaf skírðir eitthvað, *crystal ice cave, sapphire ice cave, anaconda cave*.“
6. „Mér finnst að fólk eigi að ráða því hvort nöfn fyrirtækja þess eru á íslensku eða ensku. Ég vel frekar nafn sem hægt er að markaðssetja á á erlendum mörkuðum. Að vera með nafn sem enginn getur borið fram er ekki sniðugt. Ég er sérstakur andstæðingur forræðishyggju. Mér finnst með nafngift á fyrirtækjum svipað eins og með mannanafnanefnd, hvað má og hvað ekki. Fyrirtækin eru eins og börnin okkar, á bak við liggur mikil hugmyndavinna.“

Heitinu fylgja ekki alltaf augljósir kostir eins og næstu dæmi sanna.

7. „Mér bara fannst flott að skrifa heitið á ensku, mér fannst það koma vel út“. Reyndar hefur orðið *extreme* í heitinu valdið því að gestir hætta við ferðina af því þeir halda að hún sé hættuleg.
8. „Reyndar eru þeir ókostir að heitið er ekki mjög þjált og erfitt fyrir Íslendinga. Það eru margir sem vita ekki hvernig á að bera þetta fram, hentar Íslendingum ekki mjög vel og reyndar fleiri ókostir, það er erfitt að skrifa þetta í leitarvél, margir sem vita ekki hvernig á að skrifa *boutique*. Þannig að það eru kannski nokkrir ókostir.“

... og ekki eru allir á sama máli.

9. „Ég bý á Íslandi, ég ætla ekkert að vera að skíra þetta einhverju ensku nafni bara af því að það hentar einhverjum útlendingum. Þeir verða bara að sætta sig við það og þeir skuli bara hafa fyrir því að bera fram nafnið á pleisinu.“

Heilt yfir má segja að mörg svör gáfu til kynna að tilviljun réði nöfnum á fyrirtækjunum og að oftast var lítil hugsun eða engin á bak við þau.

Tungumál markaðssetningar

Spurt var á hvaða tungumáli fyrirtækið var markaðssett. Allir viðmælendur voru sammála um að markaðssetning yrði að vera á ensku. Ef ekki, þá yrðu þeir ferðapjónustuaðilar undir í samkeppninni um viðskiptavininn.

1. „Á ensku, af því að það náttúrulega nær til stærsta markhópsins.“
2. „Augljóst að það yrði á ensku, stærsta tungumál í heimi. Það eru Evrópubúar sem ferðast mest hérna og Ameríkanar. Það er stærsti markhópurinn okkar og svo er ekki grundvöllur fyrir því að fara að markaðssetja sig á einhverju asísku tungumáli eða svoléiðis.“
3. „Bókanir á ensku, matseðlar á ensku og íslensku.“
4. „Þetta er bara óhjákvæmilegt, langstærstu bókanarsíðurnar eru *Booking* og *Expedia* og þú ræður ekkert við þetta, viðskiptamálið er enska. Allir stóru kunnarnir koma í gegnum bókanarsíðurnar og öll netsamskipti eru meira og minna á ensku.“
5. „Allt á ensku. Ég auglýsi á Fésbókinni fyrir Íslendingana. Ég vil ekki fá þá, þeir ganga illa um tækin, náttúruna, spóla um allt ef maður lítur af þeim.“

Eitt tungumál, mörg þjóðerni

Spurt var hvort starfsfólk væri erlent eða íslenskt og hvort fólk af erlendu þjóðerni væri hvatt til að læra íslensku. Miklar vangaveltur hafa verið um hvort hægt væri að finna leið til að gera útlendingum kleift að bjarga sér í íslensku málsamfélagi, þannig að

íslenskan verði ekki ævinlega vikjandi. Við höfum ekki staðið okkur nógu vel í að auðvelda erlendu starfsfólki að læra málið og þrýstingurinn til þess er ekki alltaf mjög mikill, a.m.k. ekki fyrir fólk í fullri vinnu sem hefur nóg með að sinna henni. Þetta viðhorf kom skýrt fram í viðtölunum. Flestir viðurkenndu að hafa ekki hvatt starfsfólkið til að læra íslensku en oft er um að kenna áhugaleysi erlenda starfsfólksins. Þeir sem vilja læra íslensku hafa sjálfir haft frumkvæðið að því og greiða það úr eigin vasa. Engin dæmi voru um að ferðapjónustuaðili greiddi námskeiðið. Þeir sem sóttu íslenskunámskeið leituðu eftir styrk hjá sínu stéttarfélagi og yfirmaður hliðraði vaktaskipulagi til út frá námskeiðstíma.

1. „Já, sumir kunna íslensku og tveir starfsmenn fóru saman á íslenskunámskeið ... Þau eru búin að búa hérna lengst. Við höfum ekki þrýst á þau að læra íslensku. Það er kannski pabbi helst, hann byrjar á að tala við þær á íslensku, svo bara skilja þær þetta ekki eða kemur eitt-hvað svona *I don't understand you*.“
2. „Það er mjög mismunandi. Sumir eru mjög aktívir í því að læra íslensku, hafa sótt námskeið. Aðrir alls ekki þó þau hafi búið hér í nokkur ár. Við höfum ekkert ýtt neitt sérstaklega á þau, gætum gert meira í því.“
3. „Ég póstaði inn námskeiði, rosa lítil viðbrögð. Það hefði örugglega mátt gera meira af því og jafnvel bara ... þú veist það er ... oft þarf einhverja gulrót.“
4. „Við borgum ekki námskeiðið en stéttarfélögin borga 70% af námskeiðinu. Þegar starfsmaður vildi taka námskeið, sem voru yfirleitt á hans vinnutíma ... við bara unnum úr því, sko. Við hvöttum Pólverja til að læra íslensku af því að þau ætluðu að setjast hér að en það var enginn áhugi fyrir því.“
5. „Það hefur bara talað um það sko ... og svona bera sig eftir því að hérna ... leggja orð á minnið, en það gefst ekki mikill tími í það yfir hásumarið en já, mikill áhugi. Já, þetta var að þeirra frumkvæði og þau greiddu það sjálf og var þetta utan vinnutíma eða sem sagt þau voru ekki í starfi hjá okkur þegar þau fóru á námskeiðið.“

Viðbrögð Íslendinga við þjónustu á ensku

Spurt var sérstaklega um það hvernig íslenskir ferðamenn bregðast við enskumælandi fólki í ferðaþjónustunni.

1. „Yfirleitt voru flestir ekkert að kippa sér upp við það og eins og eldra fólk, ef það skildi ekki þá var það í flestum tilfellum ekkert með dóna-skap, þá var ég bara kölluð til. Það voru örfáir sem voru með smá ruddaskap, sko. Það var einn gamall maður sem bara neitaði að ... þó að hann skildi alveg 100% hvað strákurinn í mót-tökunni var að segja sko, greinilega. Hann bara neitaði að tala við hann“ ... „ég er hér á Íslandi og ég ætla að tala íslensku.“
2. „Yfirleitt vel. Flestir starfsmenn eru enskumæl-andi á hótelinu og ef upp koma vandamál með tungumálin fær fólk númerið mitt og getur talað við mig.“

Þróun tungumála í ferðaþjónustu

Þá er það spurningin um það hvernig ferðaþjón-ustuaðilarnir sjá tungumál þróast í íslenskri ferða-þjónustu. Yfirleitt virðast ferðaþjónustuaðilar lítið velta því fyrir sér, þótt þess séu dæmi.

1. „Það er auðveldara fyrir fólk sem er að reyna að finna okkur. Allt sem er á íslensku á fólk erfitt með að skrifa eða skrifa rétt á leitarvélum og svoleiðis. Það má ekki að vera of flókið.“
2. „Ég hef enga skoðun á þróuninni þannig séð, en mér finnst þetta samt svona rökrétt þróun. Kunninn er erlendur og þetta er erlenda tungumálið sem flest allir tala.“
3. „Ég tel mjög mikilvægt að íslensku heitin séu sýnileg með þeim ensku. Til dæmis eins og *Diamond beach* sem heitir Eystri- og Vestari-Fellsfjara en það skilja fáir túristar.“
4. „Það er auðveldara fyrir fólk sem er að reyna að finna okkur. Allt sem er á íslensku á fólk erfitt með að skrifa eða skrifa rétt á leitarvélum og svoleiðis. Það má ekki að vera of flókið.“
5. „Mér finnst persónulega fulllangt gengið þegar að við erum farin að tapa sérstöðu. Það sem að mér finnst sérstakt við að fara erlendis er að prófa eitthvað nýtt, skoða tungumálið og fólk

finnst oft spennandi að reyna að bera fram nöfn á stöðum og fleira sko.“

6. „Við erum að aðlaga okkur alltof mikið að Ameríkönunum. Það er óþarfi að setja skilti alls staðar, *hotel, lodges, rental cars*. Þetta er náttúrulega bara alþjóðavæðing en þetta er fyrst og fremst sölumennska, sko. Ég er ansi hræddur um að þetta eigi eftir að aukast. Fer-lega ljótt að sjá öll þessi skilti sko, alveg glatað sko ég tala nú ekki um þegar þessi stóru skilti eru komin.“
7. „Mér finnst það pínulítið sorglegt ... Ég myndi vilja leggja mig fram um að reyna að samræma þetta einhvern veginn ... að gera eitthvað. Mér finnst til dæmis mjög gott að þú skulir koma hérna í þetta viðtal. Ég veit ekki hvort það verði til neins, en ef það kæmi svona svolítill alda í samfélagið, sem myndi ýta okkur í þessa auknu vitund því að maður er svolítið eins og hamstur á hjóli í vinnunni.“
8. „Þetta er dálítið skritin þróun, vegna þess að oft tala ferðamennirnir svo sem enga ensku og ekki heldur erlendir starfsmenn í ferðaþjónust-unni. Svo er það líka þannig, að [þeir] kunna ekki að skrifa ensku, þeir þurfa að byrja á því að læra hana.“

Eitthvað að lokum?

Viðhorf til tungumálanotkunar í ferðaþjónustu eru frá ýmsum sjónarhornum. Annars vegar að veita erlendum gestum betri þjónustu með fleiri tungu-málum yfir í það að huga betur að íslenskunni.

1. „Kannski bara hvað við og aðrir getum gert betur til þess að höfða til mismunandi þjóð-erna. Sérstaklega þessar þjóðir sem að maður veit að eiga bággt með enskuna, kannski Frakkar og Kínverjar af því að það er ekki svo mikill tilkostnaður að hafa upplýsingar á fleiri tungumálum. Það getur komið í veg fyrir misskilning og ósætti sko.“
2. „Mér finnst þegar umræðan snýst um ferða-þjónustu og tungumálanotkun þá finnst mér hún svolítið afvegaleidd. Þú getur ekki ætlast til þess að erlendir ferðamenn skilji íslensk nöfn og að sjálfsögðu ef við ætlum að vera

gestgjafar og taka á móti erlendum ferðamönnum þá þurfum við að bíta í það súra epli að þurfa að spreyta okkur á enskunn, sko. Íslendingar eru yfirleitt mjög þolinmóðir gagnvart erlendum ferðamönnum og gestrisnir þó að það sé einstaka aðili sem að er bara aftur á fornöldum og vill bara að Ísland sé fyrir Íslendinga sko.“

3. „Eftir því sem árin líða hefði ég viljað að ég hefði haft íslenskt nafn á þjónustunni. Ég finn til ábyrgðar á íslenskri tungu, eftir því sem maður eldist og þroskast og af áhuga á íslenskri tungu.“
4. „Ég væri alveg til í að við myndum nota þetta tækifæri núna til að skilgreina markaðssetningu ... Mig langar líka að við hugleiðum sem þjóð hvernig ferðamannaland við viljum vera. Ég meina ef að stjórnvöld fara fram með ákveðna svona, æi þú veist við tökum umhverfisvernd inn í þetta, við tökum málvernd inn í það, þannig að við séum að taka einhverja gæðastefnu.“

Þrátt fyrir þá staðreynd að enska er fyrir löngu orðin alheimsmál ferðþjónustunnar er ekki þar með sagt að við ættum að taka hana alveg upp í stað íslenskunnar. Við þurfum bara að læra að samnýta bæði tungumálin en að halda íslenskri tungu á lofti er ekki einfalt mál eða að halda til streitu að hún sé nothæf og notuð á öllum sviðum. Brýnt er að:

- við, fólkið í landinu, áttum okkur á vandanum og veltum fyrir okkur hvernig best væri að taka á málinu.
- hvetja stofnanir, fyrirtæki og félagasamtök til að marka sér málstefnu.
- vekja athygli á stöðunni og ræða hana við ferðþjónustuna.

Auglýsingaskilti

Auk viðtala og spurningalista beindum við athyglinni að markaðssetningu ferðþjónustunnar innanlands með því að skoða skilti sem ferðþjónustuaðilar hafa sett upp víðs vegar um landið. Tekinn var fjöldi ljósmynda sem sýnir að alheimsvæðingar

enskrar tungu gætir víða meðfram þjóðvegum, við vegamót og á húsveggjum ekki síður en á vefmiðlum. Hér sjáum við örlítið brot af skiltum sem urðu á vegi okkar. Sum skiltanna þarfnast nánari skoðunar, annarra en okkar.

Mynd 1 sýnir auglýsingaskilti við Ingólfsfjall frá fyrirtæki sem heitir Lava Tunnel og rekur ferðþjónustu í Raufarhólshelli. Þarna er ekki stakt orð á íslensku en skilja má boðskap skiltisins þannig að 8 km séu í Lava Tunnel. Staðreyndin er hins vegar sú að eftir beygju eftir 8 km, þ.e. við hringtorgið í Hveragerði þá eru 24 km eftir því það eru 32 km frá þessum stað að hellinum. Raufarhólshellir er þekkt nafn og sennilega dettur fáum Íslendingum í hug að verið sé að kynna hann með þessu skilti enda tæplega verið að kynna þjónustuna fyrir þeim.



Mynd 1: Lava Tunnel

Auglýsingar af þessu tagi brjóta 72. grein náttúruverndarlaga nr. 60/2013, sem fjallar um auglýsingar utan þéttbýlis. Þar kveður á um að óheimilt er að setja upp auglýsingar meðfram vegum eða annars staðar utan þéttbýlis. Þó er heimilt, að uppfylltum ákvæðum annarra laga, að setja upp látlausar auglýsingar um atvinnurekstur, þjónustu eða vörur á þeim stað þar sem starfsemin eða framleiðslan fer fram.

Vegvísar Vegagerðarinnar (Mynd 2) eru yfirleitt á íslensku enda er litið svo á að þeir hafi menningarlegu hlutverki að gegna í því að halda utan um og varðvarðveita íslensk örnefni sbr. Kristjana E. Pálsdóttir (2016, bls. 7). Í fyrrnefndri 72. grein náttúruverndarlaga nr. 60/2013 kveður á um að við hönnun og gerð auglýsingaskilta meðfram vegum landsins sé þess gætt að þau „falli sem best að svipmóti lands.“



Mynd 2: Vegvísir Vegagerðarinnar

Nokkuð er um skilti með ensku orðum *open* og *welcome* enda þótt íslensku orðin *opið* og *velkomin* séu nánast eins og að okkar mati betur við hæfi í ferðaþjónustu á Íslandi.



Mynd 3: Beitarhús á Fjöllum. Skilti á ensku (*Open* og *Entrance*) bjóða enskumælandi gestum til stofu.




Mynd 4: Í Litla-Bæ í Skötufirði eru gestir boðnir velkomnir á útihurð með skilti á ensku (*Welcome*).

Á landinu virðist ríkja ákveðið stefnuleysi varðandi skiltanotkun. Velta má fyrir sér hvort öll þessi ensku skilaboð á skiltum bæti einhverju við tákinn og/eða myndirnar sem eru á skiltunum og séu nauðsynleg erlendu gestunum okkar.



Mynd 5: Nettó Discount Supermarket



Mynd 6: Orkan – Fill up

Sé tekið mið af skiltavæðingu og vefsíðum ferðaþjónustufyrirtækja fljótt á litið er svarið við upphafsspurningunni um stöðu íslenskrar tungu í markaðssetningu í ferðaþjónustu, VOND.

Niðurstöður og álitamál

Hjá nokkrum viðmælendum bar á hálfgerðu samviskubiti yfir því að hafa ekki íslenskt nafn á fyrirtækinu. Sömuleiðis kom fram sú skoðun að við ættum að hugleiða hvernig ferðamannaland við viljum vera, hvort við viljum umfram allt leggja áherslu á umhverfisvernd og um leið að leggja áherslu á málvernd. Svarið sem einn aðili gaf við fyrstu spurningunni um það hvers vegna nafnið á fyrirtækinu var breytt úr íslensku í ensku vekur athygli. Fyrirtækið var búið að bera íslenskt nafn í mörg ár og ferðaþjónustan komin vel á skrið þegar brugðist var við aukinni eftirspurn með því að fara að kynna ferðir á vegum fyrirtækisins á ensku í þeim tilgangi að útlendingar skildu hvað þeir væru að bóka. Ekki kom fram hvort þessi viðbrögð voru vegna endurtekens misskilnings erlendra ferðamanna en viðkomandi taldi sig ná betur til viðskiptavinarins á ensku.

Enskuvæðing ferðaþjónustunnar er í takti við enskuvæðingu í tækni- og samskiptaumhverfinu og hefur staðið yfir í fjölda ára. Innan ferðaþjónustu fer hún geyst og með vaxandi ruðningsáhrifum á

íslenskt talmál og ritmál. Við stöndum á einhvers konar tímamótum og verðum að bregðast við ef við viljum ekki að íslenskan hverfi úr greininni. Við þurfum að finna leið til að nota hana sem tækifæri til að vinna með. Eða er atvinnugreinin of hagnaðarmiðuð til að vilja nýta sér íslensku ef menn sjá litla hagnaðarvon í henni? Er ekki nóg að þessi okkar dýrmætasti menningararfur teljist einstæður á heimsvísu? Uppi hafa verið kenningar, sannar eða ósannar, um að nafnið Eyjafjallajökull hafi verið það mikil áskorun fyrir heimsbyggðina að vakin var athygli á landinu, og já verið óvænt en góð markaðssetning. Ferðamenn sem koma til landsins eiga sitt eigið tungumál og gætu verið jafn vel settir með að þýða frá íslensku yfir á sitt tungumál, með aðstoð tækninnar, t.d. símans.

Áhrifamikið afl í þessu samhengi er erlent vinnuafli. Sá veruleiki að mergð ferðafólks kallar á fjölgun starfsfólks og vegna skorts á innlendu vinnuafli verður að sækja það til útlanda. Viðmælendur okkar á landsbyggðinni kvörtuðu yfir því að íbúar á höfuðborgarsvæðinu sæktu ekki um störf á úti á landi. Viðbrögðin eru þá þau að fá erlent starfsfólk, sem orðið er mjög áberandi í þjónustustörfum um allt land

Æskilegt er að vinna gæðastefnu fyrir ferðaþjónustu þar sem kveðið verður á um tungumálanotkun í greininni þannig að hún endurspegli opinbera málstefnu og mögulega leið til að ferðaþjónustufyrirtækjum verði gert kleift að fylgja henni. Út frá viðskiptalegu sjónarmiði og vegna þess að

ferðaþjónustan er komin út í svo mikil massaviðmið að viðskipti við Íslendinga skipta þá engu máli lengur er íslenskan orðin þeim fjötur um fót sem vilja fremur leggja snörur fyrir útlendinga. Afleiðingin getur brátt orðið úthýsing hennar, sem gengur þvert á lög um opinbert mál á Íslandi 2018–2019 um að efla íslensku sem opinbert mál og „ tryggja að unnt verði að nota hana á öllum sviðum íslensks þjóðlífs“.

Heimildir

- Kristjana E. Pálsdóttir (2016). Stefnuþótun í skiltun meðfram vegakerfinu. Rannsóknarráðstefna Vegagerðarinnar. 28.10.2016. VSÓ Ráðgjöf. Sótt 10.01.2020 af [http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/1345_Kristjana_Palsdottir/\\$file/1345%20KristjanaP%C3%A1lsd%C3%B3ttir_1345.pdf](http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/1345_Kristjana_Palsdottir/$file/1345%20KristjanaP%C3%A1lsd%C3%B3ttir_1345.pdf).
- Lög um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknaðs, nr. 61/2011. Sótt 10.10.2020 af <https://www.althingi.is/lagas/149b/2011061.html>.
- Lög um náttúruvernd, nr. 60/2013. Sótt 10.10.2020 af <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2013060.html>.
- Vegalög, nr. 80/2007. Sótt 11.10.2020 af <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2007080.html>.
- Þingsályktun um að efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi. Þingskjal 1750 – 443. mál. 149. löggjafarþing 2018–2019. Sótt 11.10.2020 af <https://www.althingi.is/altext/149/s/1750.html>.



Kelsey Hopkins

Að ofreyna sig við að reyna að vanda sig

Athugun á almennri umræðu um málvöndun í Facebook-hópnum Málvöndunarþátturinn

Komið þið sæl. Erindi mitt byggist á stuttri ritgerð sem ég skrifaði vorið 2018 í áfanganum Máli og samfélagi við Háskóla Íslands.

Síðastliðna áratugi hefur mikið verið rætt um stöðu íslenskrar tungu í þjóðfélaginu, einkum í ljósi gríðarlegrar hnatt- og tæknivæðingar, svo ekki sé minnst á vaxandi ásókn ensku á allmörgum sviðum lífsins. Rauði þráðurinn í almennri umræðu er sá að slíkt ástand – þar sem snjalltækjanotkun sé óhjákvæmileg og sítenging skapi enskunni greiða leið inn í íslenskuna – leiði til ‘hnignunar málsins’ eða ‘vanvirðingar’. En á hvaða rökum er þessi hrakspá reist og er nokkur glóra í henni? Leitað var til fjórlegrar umræðu í Facebook-hópnum Málvöndunarþátturinn, sem er fjölmennur umræðuvettvangur áhugamanna um íslenskt mál, um dæmi um málfar og málnotkun sem eru að mati hópmeðlima, óæskileg eða ‘óvönduð’. Dæmin og viðbrögð hópmeðlima við þeim eru síðan skoðuð út frá sjónarhorni félagsmálfræðinnar og þess freistað að varpa fræðilegu (eða fræðilegra) ljósi á það sem mjög margir áhugamanna telja að sé ‘hnignun’ málsins, ‘vanvirðing’ fyrir því eða hvers kyns ‘óvandað mál’.

Hugtakið málvöndun

Hvað þýðir það eiginlega að mál sé ‘vandað’ eða ‘óvandað’, og að hvaða leyti eru viðmið Málvöndunarþáttarins um vandað mál öðruvísi en fræðilegar skilgreiningar á málvöndun? Einfalda svarið er það að mál telst vera vandað ef það samræmist venjum tiltekinna aðstæðna. Málfar sem er vandað í einu samhengi getur þótt óvandað í öðru þar sem mál- aðstæðurnar segja endilega til um hvort málnotkun sé vönduð eða ekki. Með öðrum orðum verður málfar að lúta **viðmiðum** til þess að geta talist vera vandað.

En hvað er átt við með **viðmiðum**? Líta má á þau eins og ramma sem segir til um á hvaða hátt er eðlilegast að koma orðum að [X] í [Y] samhengi. Ari Páll Kristinsson (2017) lýsir þremur viðmiðum. Í fyrstu lagi eru **virki viðmið**, einnig kölluð **raunviðmið**. Þau eru **lýsandi** (e. descriptive) en ekki **vísandi** eða **forskriftarleg** (e. prescriptive) og eru hlutlausustu viðmiðin. Virki viðmið lýsa einungis því sem gerist ‘í raun og veru’; sem sagt hvernig fólk talar án þess að taka afstöðu til málfarsins eða leggja mat á það. Fræðilega séð er málfar ‘rétt’ ef það samræmist einhverjum virkum viðmiðum, s.s. einhverri íslenskri venju.

Á hinum enda kvarðans eru hins vegar **skráðu viðmiðin** eða **gildandi viðmið**. Þetta er það mál sem hefur hlotið opinbera og stundum löglega viðurkenningu sem skráð er í handbókum og miðlað í skóla-kerfinu (Kristján Árnason 2004). Líta má á skráðu viðmiðin sem ‘mótaðila’ virkra viðmiða þar sem þau skráðu eru vísandi en þau virku lýsandi og laus við gildismat. Í samfélögum með skráðan ritmálsstaðal eru skráðu viðmiðin oftast líkust ritmálsstaðlinum. Þannig er það á Íslandi þar sem staðallinn og skráðu viðmiðin byggjast að miklu leyti á fornu ritmáli. (Ýmsir þættir og aðilar hafa áhrif á skráðu viðmiðin en um þetta verður rætt seinna.) Einhvers staðar milli ystu punkta kvarðans eru **viðtekin viðmið**. Viðtekin viðmið eru mismunandi eftir aðstæðum, félags-
hópum, jafnvel umræðuefni og ýmsu öðru. Málfar samræmist viðteknum viðmiðum ef það þykir eðlilegt við viðkomandi aðstæður. Ákveðnar kröfur eru gerðar um meðvitund um aðstæðurnar og þekkingu á því málsniði sem best hæfir þeim. Og þetta er einmitt lykillinn að **málvöndun**: ef málfar samræmist viðteknum viðmiðum er óhætt að kalla það **vandað**.

Beinum nú athyglinni að ósamræmi milli fræðilegra hugtaka sem einkenna vandað mál og skoðana á því sem gætir í umræðu Málvöndunarþáttarins. Skoðum nokkur dæmi um málfar og orðalag sem meðlimir Málvöndunarþáttarins hafa deilt um og amast við og setjum svo dæmin í samhengi hugtakanna sem áður voru rædd til að varpa ljósi á trúverðugleika kvörtunarefnisins.

Þágufallssýki eða þágufallshneigð?

Fyrst á dagskrá er gamla góða þágufallssýkin, sígilt dæmi um ‘óvandað mál’ í hugum margra. 3. mars 2018 skrifaði meðlimur Málvöndunarþáttarins um þágufallssýki fréttamanns nokkurs í RÚV: „[Ég tek] enn þá eftir svona orðalagi, en [maður verður] kannski samdauna þessu síðar.“ Sem slík er athugasemdin frekar meinlaus; hún felur í sér ekkert gildismat og engan dóm um viðkomandi fréttamann. En hvernig getum við túlkað þá skoðun sem leynist þar á bak við? Á hvaða rökum er hún reist? Hvaða ályktanir getum við dregið af þessari fullyrðingu þegar við skoðum hana í fræðilegu samhengi?

Tvenns konar túlkun þótti mér líkleg í ljósi viðbragða aðra þátttakenda í umræðuþræðinum en

túlkunin er nokkurn veginn þversagnarkennd. Í fyrstu lagi má benda á að höfundur færslunnar bætir engu við hana. Skoðun hans er ekki nánar útfærð og fyrir henni eru engin rök færð. Það áhugaverða er þó að svörin frá öðrum í athugasemdakerfinu við færslunni eru nánast undantekningarlaust ekkert annað en önnur dæmi um ‘þágufallssýki’ sem aðrir hafa rekist á í opinberu tali fréttamanna! Á þetta má líta sem þögult samþykki þess sem upprunalega færslan gefur í skyn, eins og verið er að segja: „já, við tökum líka eftir þessu, og okkur finnst það meira að segja svo merkilegt að við munum eftir einstökum tilvikum þegar við heyrðum þágufallssýki í opinberu tali.“ Það er freistandi og kannski ekki gersamlega út í hött að túlka þetta eins og höfundi færslunnar hefði fundist óþarft að útskýra skoðun sína enda ráð gert fyrir að allir hinir – eða a.m.k. meðlimir Málvöndunarþáttarins – verði sammála sér. Þ.e., sammála því álitu að þágufallshneigð þyki enn merkilegt eða afbrigðilegt þótt hún komi fyrir æ oftar í opinberu tali. Hin dæmin um þetta renna stöðum undir þessa ályktun, sérstaklega í ljósi þess að hinir bættu heldur engu við dæmin sín.

Í samhengi fræðinnar mætti benda á það sem Kristján Árnason hefur sagt um þágufallshneigðina: „Það er einfalt atriði sem hægt er að nota til að segja til um hvort menn eru ‘góðir’ eða ‘vondir’ málnotendur” (Kristján Árnason 2004:379). Hún skiptir setningakerfið engu máli, hún er býsna algeng í málinu en er samt á skjön við viðurkenndu reglurnar sem kenndar eru í skólum og skráðar í kennslubókum. Því er hún auðvelt að ‘leiðrétta’ með vísun í skýrar og fastar reglur. Félagsmálfræðilegt mikilvægi þágufallssýkinnar (og ekki síst deilunnar um hana) er einmitt fólgið í þessu. Það að forðast þágufallssýki er nánast orðið að mælikvarða málvöndunar í augum mjög margra sem réttlætist í því einu að skráði staðallinn segi til um að þágufallssýki sé ‘röng’. Í íslensku samhengi má einkum benda á James Milroy, einn upphafsmanna félagsmálfræðinnar. Samkvæmt honum er þetta afleiðing þess að þjóðtunga sé stöðluð (e. standard language cultures) (James Milroy 2001:535). Þar ríkir almenn meðvitund um og trú á ‘réttir’ og ‘rangri’ málnotkun sem einungis má staðfesta með vísun í vísandi heimildir eins og handbækur og kennslubækur.

En hvar kemur þversögnin inn í myndina? Allra síðasta svarið við færslunni tekur skýra afstöðu til málsins: „[Menn ættu að] hætta að agnúast út í þágufallshneigðina, [...] annað er brýnna.“ Orðavalið í þessu svari er í sjálfu sér athyglisvert. Hlutleysi þágufallshneigðar hreinsar hugtakið af neikvæða blænum sem felst í -sýki. Athugasemdin gefur líka í skyn að þágufallshneigð sé meira að segja gott og gilt afbrigði sem stofnar íslensku máli ekki í neina hættu (þar sem ‘annað er brýnna’). Þess vegna er lítið annað en þýðingarlítið nöldur að ‘agnúast út í hana’. Ætli höfundur upprunalegu færslunnar sé ekki sammála og með því að segjast taka ‘enn þá’ eftir þágufallshneigð og kannski verða ‘samdauna’ henni síðar er verið að viðurkenna að hann lætur þágufallshneigðina fara í taugarnar á sér þótt hún hafi öðlast töluverða útbreiðslu í málinu.

Það er að vísu hæpið að alhæfa um málviðhorf tiltekings hóps út frá einu atviki en ef við leyfum okkur það í þetta skiptið er hægt að álykta tvennt: Annars vegar eru viðmið Málvöndunarþáttarins, með öðrum orðum **viðtekin viðmið** hans, miklu nær skráðum eða ‘gildandi’ viðmiðum sem mæla stranglega á móti þágufallshneigðinni (ekki ólíkt flámæli fyrra aldar sem var útrýmt á kerfisbundinn og meðvitaðan hátt). Hins vegar virðast viðtekin viðmið málsamfélagsins almennt hafa færst nær **virnum viðmiðum** eða **raunviðmiðum**, að því leyti að þágufallshneigð sé hlutlaust afbrigði sem nýtur mikillar útbreiðslu, jafnvel í opinberu tali.

Geðveiku leikkonurnar

Næst verður spjótum Málvöndunarþáttarins beint að ‘övönduðum’ orðaforða en afstaðan sem afhjúpast er þó af svipuðu tagi og þegar um málfræði og fallbeygingu er að ræða.

26. mars 2018 birtist færsla sem þar sem sett var út á tvær landspekktar leikkonur vegna þess að þær notuðu orðin ‘geggjað’ og ‘geðveikt’ nokkrum sinnum í óeiginlegri merkingu í viðtali í RÚV. Aðeins örfáar athugasemdir bárust frá meðlimum Málvöndunarþáttarins en í öllum tilvikum var málfari kvennanna lýst m.a. sem ‘andstyggilegu’ og orðaforða þeirra ‘fátæklegum’. Jafnvel leikkonurnar sjálfar voru sagðar vera ‘heimskar’ vegna þess eins. Líkt og fyrr er enginn rökstuðningur gefinn fyrir þessum sleggjudómi.

Einn í athugasemdakerfinu virðist þó hafa vorkennt leikkonunum og dregur úr dómhörkunni. Þetta málfar sé „smekksatriði [sem er] tilgangslaust að gera athugasemdir við eða deila um“. Þótt „flestir [séu] sammála um að blæbrigðaríkt málfar með góðum orðaforða er fallegra en einsleitt málfar með fátæklegum orðaforða“ sé engin ástæða til að gera lítið úr gáfnaforða annarra eða málfari. Þessi skoðun leiðir í ljós snefil af meðvitund um að notkun á óformlegu máli í opinberu tali (í þessu tilviki í ljósvakamiðlum) er einstaklingsbundið val frekar en einkenni vankunnáttu í málinu þótt það falli ekki að smekk þess sem skrifar athugasemdir (og sennilega ekki heldur að smekk þorra hópmeðlimanna). Taka má þessa viðurkenningu um að málfar geti verið einstaklingsbundið val – og að valið sjálft getur breyst eftir aðstæðunum – sem mögulega vísbendingu um að viðtekin viðmið um viðeigandi málfar í fréttamiðlum hafi færst nær virkum viðmiðum. Sem sagt: það er ekki málfar leikkvennanna sem hæfir ekki umræddum málaðstæðum heldur málaðstæðurnar sjálfar sem krefjast annars málsniðs en þess sem virðist vera viðtekin viðmið Málvöndunarþáttarins.

Einnig má greina ótta um hnignun málsins sem stafar af þessari ‘málfátækt’ og þá sérstaklega þegar ‘málfátæktar’ gætir hjá landspekktum einstaklingum. Segir ein athugasemdanna: ‘Málfátækt’ leikkvennanna sé ‘döpur’ vegna þess eins að konurnar séu landspekktar. Þetta er vissulega rýr rökstuðningur en þegar að er gáð úr gleraugum fræðinnar kemur í ljós að þessi fullyrðing er ekki með öllu tilhæfulaus þótt rökin séu ekki endilega skotheld. Þýski málfræðingurinn Ulrich Ammon gerir grein fyrir þáttum og aðilum sem hafa sem mest áhrif á þróun formlega staðalsins. Hann leggur áherslu á hlutverk ‘fyrirmyndarmálnotenda’ (e. model speakers and writers), sem skilgreinast gróflega sem allir sem tala og skrifa opinberlega (2003:1). Fréttamenn (eins og áður) og leikarar (eins og hér) eru sérstaklega taldir með í þessum flokki. Í sama riti er málstaðallinn skilgreindur sem málið sem tíðkast eða þykir eðlilegast í opinberu tali og skrifum (2003:1). Einmitt hérna skýtur upp kollinn á misskilningur sem ótti Málvöndunarþáttarins um hnignun málsins virðist byggður á. Sú meðvitund, sem lýsir sér í umræðunni um samspil málnotkunar fyrirmyndarmálnotenda

og formlega staðalsins, er grundvölluð á einfaldaðri mynd þar sem samsvörunin sé bein: fyrirmyndarmálnotendurnir sem tala og skrifa opinberlega eru í þeirri stöðu að mál þeirra geti orðið að staðlinum og staðallinn er það mál sem tíðkast í opinberu tali og skrifum. Þar með er komið af stað hringekju þar sem leikkonunum – í hlutverki fyrirmyndarmálnotenda – sé fyrirskipað að vanda málfar sitt af því að það geti orðið að staðlinum og málfar þeirra verði að staðlinum einungis vegna þess að þær eru í tiltekinni stöðu. (Samanber skilyrðislausu skyldubóðið Kants: eigi leikkonurnar að tala einungis á þann hátt að mál þeirra skuli verða að staðlinum) Sem sagt, ‘óvandað’ mál (sem í þessu tilviki er óformlegur orðaforði) af hálfu fyrirmyndarmálnotenda hafi í för með sér gengisfellinguna tungumálsins og hnignun þess.

Það er þó tvennt sem dregur úr trúverðugleika þessarar hrakspár: í fyrsta lagi yfirsést þeim sem skrifaði athugasemdina mikilvægt hlutverk **málstýrenda** (e. norm authorities). Málstýrendur eru þeir aðilar sem eru í þeirri stöðu að þeir megi leiðrétta málfar annarra (Ammon 2003:3,4). Það er einmitt hlutverk þeirra – og þá einkum ákveðinn hópur þeirra – að taka ákvarðanir um skráða staðalinn og koma þeim á framfæri með því að skrá í kennslubókum, handbókum, leiðbeiningum um málnotkun o.s.frv. Í stuttu máli, ferli þess að eitthvert málfarsatriði verður tekið í staðalinn er miklu flóknara en gert er ráð fyrir og vald fyrirmyndarmálnotenda til þess að gerbreyta málstaðlinum með eigin málnotkun er takmarkað.

Dauðarefsing fyrir dönskuslettur

Síðast en ekki síst verður skoðað ljóslifandi dæmi um rótgrónar skoðanir á ‘góðu’ máli, og forsendum fyrir því að mál telst vera vandað sem eru ríkjandi í almennu umræðunni.

8. apríl birtust tvær færslur eftir sama höfund sem amaðist við frösunum *til að byrja með* og *í gegnum tíðina*. Helstu rökin á móti þeim voru 1) þeir séu dönskuslettur, og 2) þeir stofni í útrýmingarhættu öðrum valkostum sem að mati höfundarins hafi ‘skýrari’ og ‘markvissari’ merkingu. Það sem er athyglisvert í samhengi viðhorfs til málvöndunar er hins vegar að skoðanir á þeim valkostum sem þykir eðlilegri, betri, réttari eða meira að segja ‘íslenskar’

eru innbyrðis skiptar en rökstuðningurinn, sem er færður, er alltaf eins.

Þátttakendur í umræðuþræðinum stungu upp á ýmislegum valkostum við frasana. Í staðinn fyrir *til að byrja með* væri skárri að segja *fyrst, fyrst í stað, upphaflega* eða *framan af*. Í staðinn fyrir *í gegnum tíðina* gætum við sagt *í tímans rás, árum saman* eða *frá fornu fari*. Fram hefur komið áður að persónulegur smekkur sé ekki traust forsenda til að velja annan valkost fram yfir hinn, a.m.k. ef af afstöðu Málvöndunarþáttarins til vandaðs máls er að dæma. Þannig neyðist maður til að höfða til ædstu yfirvalda íslenskrar tungu til að verja val sitt. Í þessu tilviki eru ædstu yfirvöldin ýmist Íslensk orðabók, virtir kennarar og prófessorar eða sjálfar fornbókmenntirnar sem íslenski ritmálsstaðallinn byggir á.

Deilt var fyrst um ‘réttleika’ þess að nota *í tímans rás* í staðinn fyrir *í gegnum tíðina* þótt það síðarnefnda væri til umræðu upphaflega. Einn sem var mótfallinn *í tímans rás* vitnar í íslenskukennara sinn á Laugarvatni, doktor að nafnbót, sem hefur kennt manni að þetta væri dönskusetta, íslenskun á *í tidens løb*. Þess vegna sé *í gegnum tíðina* skárri. Annar bendir aftur á móti til færslu í Íslenskri orðabók þar sem *í gegnum tíðina* er merkt með spurnarmerki, sem á að þýða að sá valkostur sé vafasamari en *í tímans rás*, sem orðabókin mælir með. (Ég hef þó ekki kíkt í orðabókina til að staðfesta þetta eða ekki en hvort það sé rétt skiptir reyndar engu því þetta voru allavega rökin sem voru færð í umræðunni.)

Svipuðu máli gegnir um frasann *til að byrja með*, sem ekki aðeins er talið vera dönskusetta heldur varðar hann við dauðarefsingu. Færsluhöfundurinn vitnar í Jón Helgason prófessor, sem færsluhöfundurinn meinar að hafi fullyrt einu sinni: „Sá sem segir *til að byrja með* verður drepinn“ – sennilega vegna þess að frasinn sé dönskusetta. (Enn og aftur var ekki hægt að staðfesta hvort þetta sé satt eða ekki en sannleiksgildið er aukaatriði þegar skoðanir og viðhorf ráða ferðinni.)

Málið er loksins útkljáð í eitt skipti fyrir öll með glettinni tilvísun í Njálu sem er jafnframt síðasti athugasemdin við viðkomandi færslu: „Margur hyggur þetta vera dönskusettu, en í Njálu má lesa, að Gunnar hafði setið á Hlíðarenda *veturinn í gegnum*. Hver treystir sér til að tala eða rita betri íslenzku en

Njáluhöfundur?“ Ósagða svarið var greinilega enginn en fjölda ‘like-a’ við þessari færslu mætti gjarnan taka sem ígildi samþykkis. Sama hvort vitnað sé í Íslenska orðabók, í virta málstýrendur (kennarann á Laugarvatni og Jón Helgason prófessor) eða beint í bókmenntahefðina sem setur svip sinn á formlega ritmálsstaðalinn, er það sameiginlegt að allir þessir aðilar eru einhvern veginn fulltrúar ‘réttis og vandaðs máls’. Ekkert nýtt afhjúpast hér nema frekari rökstuðningur fyrir þá ályktun að viðmið Málvöndunarþáttarins samræmist að langmestu leyti formlega skráða ritmálsstaðlinum. Einnig má benda á almenna tilhneigingu að líta á skráða staðallinn sem eitthvert áþreifanlegt fyrirbæri sem aldrei má hrófla við nema málið hnígi og á fornaldardýrkun sem spilar inn í almenna viðhorfið en svona umræður bíða betri tíma.

Breyting á tungumáli, viðhorfum eða samfélaginu?

Nú skal spyrja hvort óttinn um hnignun málsins – ekki síst í ljósi hnatt- og tæknivæðingar og áhrif þeirra á samskipti manna – sé reistur á réttlætunum forsendum.

Meginályktunin sem búið er að draga af dæmum okkar er sú að viðtekin viðmið Málvöndunarþáttarins séu í mestu samræmi við formlega skráðan staðal – aðallega ritmálsstaðal – eða ‘gildandi’ málnotkunarviðmið. Þetta lýsir sér í því hversu lítill gaumur er gefinn þeirri staðreynd að öll málnotkun er háð félagslegum aðstæðum sem segja til um hvort eitthvert málfarsatriði sé ‘rétt’ eða ‘gott’ eða ‘vandað’ í hvert skipti. Rökstuðningur fyrir þessari ályktun finnst úr ýmsum áttum og í lokin verður bent á tvær rannsóknir sem einnig renna stoðum undir hana.

Í fyrsta lagi er almenn tilhneiging hjá yngri málstýrendum – kennurum, fræðimönnum o.s.frv. – að taka við af hefð þeirra sem fóru á undan (Ari Páll Kristinsson 2017:179). Í íslensku samhengi var eldri hefð og mállöftsslagið almennt undir töluverðum áhrifum hreintungustefnunnar fyrri aldar sem gætir enn í hugmyndum um málvöndun (t.d. að slettur séu óæskilegar sama hvort þær gangi í íslenska málkerfinu o.s.frv.). Þess vegna þarf ekki endilega að þraut hugsa gagnrýni á málnotkun annarra eða taka tillit til aðstæðnanna: mál er vandað ef hægt er að benda til einherrar heimildar sem segir þetta! Í öðru lagi

var aðgangur að óformlegu máli eða talmáli mjög takmarkaður á þeim tíma sem ritmálsstaðallinn var tekinn í gildi. Við vitum í rauninni lítið sem ekkert um hvernig menn töluðu í raun og veru en bylting í tölvum og tækni hefur gert það að verkum að nú er hægt að skyggast inn í alls konar málaðstæður og meðfylgjandi málnotkun sem áður hefðu aldrei lítið dagsins ljós.

Önnur hlið á þessu er að samskiptaleiðum hefur fylgjað mikið sökum tæknivæðingar, þessari byltingu fylgir breytt skilgreining á því málsniði sem þykir eðlilegt í hverju tilviki. Svo má benda á athugun Niklas Coupland og Tore Kristiansen (2011:31) en þeir segja að málsniðið sem tíðkast í fréttamiðlum hafi færst miklu nær raunviðmiðunum, s.s. hvernig menn tala í raun og veru án þess að leiða hugann að ‘vöndun’. Allt þetta saman bendir greinilega til þess að kvörtunarefni Málvöndunarþáttarins sé öllu heldur almennar viðhorfsbreytingar í samfélaginu en ekki breytingar á málinu sjálfu.

Síðast en ekki síst skal nefna niðurstöður tveggja eldri rannsókna sem eru sammála þessari ályktun. Árið 2007 athugaði Finnur Friðriksson fyrirbærið þágufallssýki í rituðum textum. Þótt allir þátttakendur í rannsókninni segðust vera meðvitaðir um þágufallssýki og fyndust hún vera að sækja á kom í ljós að þágufallshneigð sé í rauninni stöðugt tilbrigði í málinu sem fyrirfinnst með jafna útbreiðslu meðal allra aldurshópa sem komu til greina í rannsókninni (Finnur Friðriksson 2007:120). Einnig kom í ljós að þágufallshneigðina var hvergi að finna í rituðum textum – bæði formlegum og óformlegum. Hún er sem sagt aðallega talmálseinkenni. (Þetta hefur þó eflaust breyst frá því greinin var birt árið 2007.)

Svo var rannsókn Ara Páls Kristinssonar og Amöndu Hilmarsson-Dunne (2013) en þau athuguðu viðhorf yngra og eldra fólks til ýmislegra málsniða í mismunandi textategundum (s.s. blogg færslum, tölvupóstum, rafrænum fréttamiðlum o.s.frv.). Í ljós kom að yngri þátttakendur, sem voru framhaldsskólanemar á aldrinum 18–21 árs úr ýmsum skólum, voru að jafnaði móttækilegri fyrir óhefðbundinni málnotkun í formlegri textategundum en eldri þátttakendahópurinn sem var kennarar þeirra. Ungu fólkið var samt sem áður ekki minna meðvitað en

eldra fólkið um kröfur sem formlegir textar gera um málsnið.

Af þessu öllu saman getum við ályktað að það sem meðlimir Málvöndunarþáttarins óttast að sé hnignun málsins og vanvirðing fyrir því sé frekar einkenni þess að samskiptaleiðir hafa breyst með þeim afleiðingum að: 1) við erum almennt séð í meiri snertingu við óformleg talmálseinkenni í fleiri málaðstæðum en áður hefur tíðkast auk þess að 2) málaðstæðurnar sjálfar eru fjölbreyttari og blæbrigðaríkari. Þannig að nú á dögum er meira 'pláss' fyrir afbrigði og tilbrigði í málloftslaginu en áður fyrr.

Heimildir

- Ammon, Ulrich. 2003. On the Social Forces that Determine what is Standard in a Language and on Conditions of Successful Implementation. *Sociolinguistica. International Yearbook of European Sociolinguistics*. 17. bindi. Bls. 1–10.
- Ari Páll Kristinsson. 2017. *Málheimar: Sitt-hvað um málstefnu og málnotkun*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Ari Páll Kristinsson og Amanda Hilmarsson-Dunn. 2013. Evaluation of different registers in Icelandic written media. *Language (De)standardization in Late Modern Europe: Experimental Studies*, bls. 331–354. Ritstj. Tore Kristiansen og Stefan Grondelaers. Oslo: Novus.
- Coupland, Nikolas og Tore Kristiansen. 2011. SLICE: Critical perspectives on language (de) standardisation. *Standard Languages and Language Standards in a Changing Europe*, bls. 11–35. Ritstj. Tore Kristiansen og Nikolas Coupland. Oslo: Novus.
- Finnur Friðriksson. 2007. Real vs. Imagined Change: The Case of Modern Icelandic. *Afmælisrit Háskólans á Akureyri*, bls. 108–123. Ritstj. Hermann Óskarsson. Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Haugen, Einar. 1966. *Language Conflict and Language Planning*. Cambridge: Harvard University Press.
- Kristján Árnason. 2004. „Á voru tungu.” Íslenskt mál og erlend hugsun. *Skírnir*, 178. ár, haust 2004:375–404.
- Málvöndunarþátturinn. 2018. Facebook.com
- Milroy, James. 2001. Language ideologies and the consequences of standardization. *Journal of Sociolinguistics* 5,4:530–555.



Málfregnir vefrit

1. tölublað, 18. árgangur – nóvember 2020

Útgefandi: Íslensk málnefnd

Ritstjóri: Ágústa Þorbergsdóttir

Veffang: islenskan.is – vefur Íslenskrar málnefndar

ISSN : 1011-5889



ÍSLENSK MÁLNEFND